

Frá Róm til Þingvalla



KENNSLULEIÐBEININGAR



NÁMSGAGNASTOFNUN
09772

Til kennara

Um nemendabókina

Kennslubókin *Frá Róm til Þingvalla* er skrifuð til að þjóna markmiðum grunnskólans eins og þau birtast í aðalnámskrá 2007. Eftirtalin inntaksmarkmið, hluti áfangamarkmiða fyrir sögu á miðstigi, marka uppistöðu bókarinnar:

Róm og kristni

Nemandi á að

- hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn

Víkingar í norðri

Nemandi á að

- þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða
- þekkja ýmsa þætti víkingatímans

Frá landnámi til kristni

Nemandi á að

- kunna sögur af landnámi Íslands
- hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar
- vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi

Þessi inntaksmarkmið móta fjóra aðalkafla bókarinnar:

- Í Rómaveldi
- Frá Rómverjum til riddara
- Víkingar og landnámsmenn
- Íslendingar í heiðni og kristni

Um nánari útfærslu er tekið mið af markmiðum aðalnámskrár (2007) þeim sem birtast í viðauka sem dæmi um mögulega fyrirmynd fyrir skólanámskrár. Þar er þessu efni ætlaður staður í 5. bekk eins og eðlilegt er ef söguefni miðstigsins er allt kennt í tímaröð. Nú eru skólar ekki bundnir af því skipulagi og námsbókin ekki gefin út fyrir 5. bekk sérstaklega. En þó er við það miðað að notendur hennar séu tíu ára gamlir og að þeir noti hana frekar í framhaldi af bókum eins og *Komdu og skoðaðu landnámið* og *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* en bókum um tímabilið á eftir eins og *Miðaldafólk á ferð* eða *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum*, og að námsefni tengt *Leifi Eiríkssyni* sé e.t.v. notað samhliða henni.

Auk inntaksmarkmiða taka bæði námsbókin og þessar kennsluleiðbeiningar mið af rýnimarkmiðum sögunámsins á miðstigi:

Nemandi á að

- hafa sett sig inn í líf og kjör einstaklinga á tímabilinu, óskir og vonir
- geta velt fyrir sér tengingum í námsefninu og leitað að þráðum og samhengi
- hafa fengist við heimildarýni, einkum áreiðanleika og gildi heimilda
- hafa tamið sér að leita að upplýsingum sér til gagns og ánægju um það sem er á dagskrá í sögunámi – á bókasafni, á Netinu ... og á fleiri vegu
- hafa vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning ..., svo sem í ... frásögn, ... á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu

Sömmuleiðis lokamarkmiðum sögu, samfélagsfræði og samfélagsgreinanna almennt, einkum eftirtöldum:

Nemandi

- fá tilfinningu fyrir og skilning á framvindu tímans
- kynnist möguleikum nútímaupplýsingatækni til öflunar ... gagna
- geti unnið sjálfstætt að verkefnum ...
- verði fær um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega eða skriflega, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu ... einn sér eða í samstarfi við aðra
- setji sig í spor fólks á ýmsum tímum ..., einkum jafnaldra sinna
- geti sett sjálfan sig og fjölskyldu sína í samhengi við hugtökin fortíð, nútíð og framtíð
- geti nýtt sér ýmis birtingarform sögunnar, svo sem munnlegar frásagnir, kennslubækur, handbækur, aðgengileg fræðirit, margmiðlun, efni á Netinu, söfn, sögu- staði og mannvirki
-

Auk fyrrnefndra inntakskafla eru í bókinni styttri æfinga- eða aðferðarkaflar sérstaklega helgaðir almennum markmiðum og rýnimarkmiðum:

- Höfum við komið til Rómaveldis?
- Er það nú alveg víst?
- Hvaða ár gerðist það?
- Söfn og sýningar
- Hvar voru þau á ferð?

Þótt stuttir séu skipta þeir ekki síður máli en inntakskafalarnir og kalla, ef vel ætti að vera, á nokkuð tímafreka vinnu.

Inntakskafalarnir eru efnismiklir og geta gefið tilefni til vinnu og verkefna langt umfram það sem líklegt er að tíminn leyfi. Enda skiptir naumast meginmáli að hver nemandi nái að vinna sig vandlega gegnum allt efni hvers kafla. Hitt varðar meiru að nemendur nái að sökkva sér niður

Í einhver af viðfangsefnunum – hvort sem allur bekkurinn dvelur við það sama eða efninu er skipt milli smærri nemendahópa – og að svigrúm gefist til að leita efnis út fyrir kennslubókina, bæði í annað námsefni og í annars konar heimildir, prentaðar og rafrænar.

Um kennsluleiðbeiningarnar

Námsbókin er ekki skrifuð fyrir tiltekna kennsluaðferð og kennsluleiðbeiningar gefa ekki forskrift að kennsluaðferðum. Þess í stað er stungið upp á verkefnum af fjölbreyttu tagi sem hægt er að velja úr og aðlaga eftir þeim kennsluaðferðum sem hver kennari aðhyllist og hefur náð tökum á. Tillögurnar eru að mestu tengdar einstökum köflum og undirköflum en hér drepjið á fáein almenn atriði:

Innlögn kennara

Í kennsluleiðbeiningum er bent á efni sem kennari gæti útskýrt munnlega í framhaldi af kennslubókinni. Umræðupunktur eru unnir af Sigrúnu Sóley Jökulsdóttur út frá drögum Helga Skúla Kjartanssonar. Einnig eru tíndar til upplýsingar sem kennari getur notað, ef hentar, í umræðum eða innlögn. Er þá ekki síst haldið til haga fróðleikskornum sem tengist myndum bókarinnar og fleiru því að hentugt getur verið að hefja umræðu um þær áður en textinn er lesinn.

Sögurammar, vinnublöð og spurningaleikir

Kennsluleiðbeiningunum fylgja sögurammar, útbúnir af Svanfríði Ingjaldsdóttur, en þeir bjóða upp á fjölbreytta kennslu og útfærslu á efninu.

Einnig fylgja kennsluleiðbeiningunum vinnublöð ásamt svörum við þeim og eru þau unnin af Eygló Sigurðardóttur, fyrir þá sem vilja nota þau, ásamt svörum við þeim.

Ein útfærsla kennslunnar gæti verið að nemendur semji sjálfir einfaldar spurningar úr einstökum köflum. Nemendur geta, hver um sig eða í smáhópum, samið upprifjunarspurningar úr efni sem allur bekkurinn er búinn að fara yfir, eða nokkrir nemendur lesið kafla á undan öðrum til að semja spurningar. Hægt er að setja upp spurningaleiki, t.d. keppni milli liða, sem annaðhvort svara án bókar eða keppast við að finna svör í bókinni.

„Persónusköpun“

Miklu oftast en nefnt er í kennsluleiðbeiningunum er hægt að koma við verkefnum sem í einu lagi má nefna „persónusköpun“:

Nemandi (einn sér eða með öðrum) hugsar sér *persónu* (þekkta eða óþekkta), gerir hana *sýnilega* (sem mynd/myndir á blaði, útklippta pappamynd, brúðu eða grímu, eða með því að leika hana sjálfur) og eignar henni *orð* (skrifar þau í tal- eða hugsunarbolu eða talar sjálfur fyrir munn hennar), *athafnir* (*sýnir* á mynd, segir frá eða leikur) eða *samskipti* við aðrar sams konar persónur (t.d. leiknar af öðrum nemendum).

Hér ræðir sem sagt um framsetningarhátt allt frá *myndasögu* til *leikrænnar tjáningar*. Einhverjar slíkar aðferðir, sem kennari og bekkur komast sameiginlega upp á lag með, ættu að henta fyrir mikið af efni kennslubókarinnar. Frásagnir hennar og myndir beina oft athyglinni að einstaklingum og örlögum þeirra, eða flokkum manna sem hægt er að ímynda sér fulltrúa fyrir (t.d. þrælum, landnámsmönnum, kristnu fólki og heiðingjum), og bent er á að á bak við karla eins og víkinga, goða og bændur séu heimili og fjölskyldur. Allt á þetta að auðvelda nemendum að lifa sig inn í söguna fyrir hönd raunverulegra eða ímyndaðra persóna og er mikilvægt að tóm gefist til slíkra verkefna.

Ítarefni

Víða er lagt til að nemendur leiti upplýsinga í öðrum ritum eða á Netinu, enda er það bæði mikilvæg þjálfun og gefur tækifæri til að finna nemendum með ólíka lestrargetu og tölvukunnáttu viðfangsefni við hæfi, m.a. í hópvinnu. Þar sem aðstaðan er misjöfn eftir skólum, bæði bóka-kostur og aðgangur að tölvum, þarf að sníða slík verkefni að aðstæðum, t.d. með hópaskiptingu þar sem aðeins hluti bekkjarins vinnur með ítarefnið á hverjum tíma. Einkum er mikilvægt að takmarkaður tölvukostur verði ekki til þess að nemendur missi af þjálfun í efnisleit á Netinu sem á unglinga- og framhaldsskólastigi verður vafalaust þeirra helsta upplýsingalind.

Í Rómaveldi

Höfum við komið til Rómaveldis?

Bls. 4–5

Bókin hefst á kortaverkefni sem er ætlað að gefa tilefni til nokkurrar virkni nemenda áður en reynir á að lesa mikinn texta. Verkefnið á að kynna kort og kortanotkun, glæða tilfinninguna fyrir því að atburðir sögunnar hafi gerst á raunverulegum stöðum eða svæðum, og gefa tækifæri til tenginga við eigin reynslu.

Kortið í bókinni sýnir Rómaveldi eins og það var stærst (um 100 e.Kr.; sum kort sýna það enn stærra en þá eru tekin með svæði í austri sem Rómverjar réðu aðeins um fárra ára skeið). Á myndunum tveimur sjást rústir af rómverskum byggingum, nokkuð af þeim seinni tíma viðgerðir eða endurbygging. Fremst til hægri á efri myndinni sést grunnur af byggingu sem Sesar lét reisa sem dómhús fyrir borgardómarana í Róm. Súlnagaflinn á miðri mynd var framhlið á musteri Satúrnusar. Í því var geymdur ríkissjóður Rómverja og skjalasafn öldungaráðsins. Kirkjan í baksýn til vinstri (með hvolfpaki) er ekki frá tíma Rómverja.

Kortið í bókinni þarf að bera saman við kort af ríkjaskipun nútímans, helst í landabréfabók, hugsanlega stórt veggkort. Best er að hver nemandi fái útprentað kort með núgildandi landamærum (kortið á bls 68 í vinnublöðum), teikni á það útlínur Rómaveldis eftir kortinu í bókinni, beri það saman við landabréfabók og skrifi á það landanöfn eftir þörfum meðan unnið er með spurningarnar. Gott er að nokkrir nemendur hjálpist að við spurningarnar. Til að sýna Rómaveldi á skjávarpa má t.d. nota kort á slóðinni

http://is.wikipedia.org/wiki/Mynd:Roman_Empire_Map.png

Einnig getur kennari notað kortið á bls 68 í vinnublöðum með mynd- eða skjávarpa meðan farið er yfir svör við spurningunum, eða varpað því á túss- eða flettistöflu svo hægt sé að teikna eftir því stórt kort fyrir bekkinn.

Svör við spurningum á bls. 4 og 5 í nemendabók

1. Í þremur heimsálfum, það er Evrópa, Asía og Afríka.
2. Átt er við Frakkland og Þýskaland. (Í Gallíu voru reyndar líka Sviss, Belgía, Lúxemborg og hluti af Hollandi.)
3. „Bretland“ er augljósa svarið fyrst það er merkt á kortið í bókinni. Svo koma til greina lönd vestan Rínar (Belgía, Lúxemborg, jafnvel Portúgal) og ýmis lönd kringum Dóná (frá Sviss til Búlgaríu).
4. Mörg lönd koma til greina og óþarft að allir nefni þau sömu. Alsír og Líbía eru einna mest áberandi á kortinu en af nálægari löndum Þýskaland og e.t.v. Holland. Ekki er eins auðséð að af núverandi Bretlandi réðu Rómverjar bara suðurhlutanum. Með því að fylgja Dóná má sjá að eitthvað af Austurríki, Ungverjalandi, Serbíu og Rúmeníu hefur verið utan Rómaveldis.

5. Kanaríeyjar voru reyndar ekki hluti af ríki Rómverja þótt þeir hafi stundað þar einhverja verslun. Engu að síður er ólíklegt að í hópi 10 ára barna hafi ekki nokkur komið til Englands, Frakklands, Spánar, Portúgals, Ítalíu eða Sviss. Sé gert stórt kort fyrir bekkinn er rétt að merkja niðurstöður inn á það.
6. Um þetta þurfa börn væntanlega að ráðgast við foreldra sína.

Í Rómaveldi

Bls. 6–23

Kaflinn tengist eftirfarandi inntaksmarkmiðum aðalnámskrár:

Nemandi á að

- hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- gera sér grein fyrir uppruna ... kristni í Rómaveldi

Í lýsingunni á Rómaveldi er lögð áhersla á stjórnskipan, landvinninga, þrælahald og rómverska heiðni, auk upphafs kristinnar trúar. Efnið er tengt við sögur af nokkrum frægum persónum. Lítil áhersla er lögð á yfirsýn yfir langa þróun Rómaveldis og ekki notað annað tímatal en röð atburða í lífi sögupersóna. Ártöl koma á dagskrá síðar og þá um leið tímasetningar nokkurra atburða úr þessum kafla.

Nemendur, sem ráða mjög illa við texta kaflans, geta rifjað upp aðalatriðin um Rómverja í kennslubókinni *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* (einnig hljóðbók).

Auk verkefna með einstökum undirköflum má með kaflanum í heild vinna heimildaverkefni þar sem nemendur (gjarna í hópum) *leita að myndum* sem tengjast sögu Rómverja, bæði í bókum og á Netinu.

Bækur þarf kennari eða bókavörður að velja, t.d. *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* og *Alfræði unga fólksins*, líka bækur eins og *Fornmenning og frægar þjóðir*, myndskreytta söguatlasa og annað sem tiltækt kann að vera. En nemendur ættu að geta notað efnisyfirlit (og stafrófsröð í uppflettiritum) til að finna hvar vænta megi efnis um Rómverja.

Í bókum geta nemendur sett merki við myndir sem þeir fá síðan tækifæri til að sýna bekknum. Á sama hátt afrita nemendur slóðir að myndum sem þeir finna á Netinu. Þegar búíð er að skoða afrakstur leitarinnar má ræða um myndirnar, t.d. hvað voru ljósmyndir (t.d. af rústum og safngripum) og hvað teikningar (t.d. fólk að störfum), hvort fremur sjást karlar eða konur, fullorðnir eða börn, og hvaða störf eða athafnir sjást á myndunum. Ef það er fábreytt, kannski mest karlmenn að fást við stjórnmal og hernað, má ræða hvaða störf myndirnar vitni um óbeint: að búa til föt, hluti og byggingar sem sjást á myndunum; að rækta og matreiða það sem fólkið á myndunum lifði á; og að annast það þegar það var börn.

Krækjur

http://www.romarvefurinn.is/kafli_sagan.html

(má smella áfram undir „Fornminjar“)

<http://is.wikipedia.org/wiki/R%C3%B3maveldi>

(sjá myndir og krækjur á Vísindavefinn í lok greinarinnar; hægt að sjá samsvarandi greinar á þeim tungumálum sem einhver í bekknum skilur)

<http://www.bbc.co.uk/schools/romans/index.shtml>

(fræðsluvefur á ensku fyrir börn, léttur texti, dálítið af myndum)

<http://www.bbc.co.uk/history/ancient/romans/>

(fræðsluvefur á ensku fyrir fullorðna, mikið myndefni á undirsíðum)

<http://sights.seindal.dk/> (ljósmyndir af fornminjum í Róm, skýringar á ensku)

Borgríki – heimsveldi

Bls. 6–7

Umræður eftir lestur kaflans

- Í Rómaveldi lá fólk þegar það borðaði, sjá mynd á opnu. Hvers vegna ætli það hafi verið siður?
- Hvaða borðsiði er mikilvægt að tileinka sér?
- Hvaða munur er á fötum Rómverja og okkar í dag?
- Hvernig er valið á þing í dag ?
- Hvernig er kynjaskipting á þingi hér á Íslandi?

Verkefni

1. Á tímum Rómaveldis voru líka borgríki í Grikklandi, borgir eins og til dæmis Aþena og Sparta. Nemendur afla sér upplýsinga um þessi borgríki.
2. Önnur stór ríki eins og Persaveldi og ríki Alexanders mikla voru til á undan Rómaveldi. Nemendur afla sér upplýsinga um þessi stórveldi.
3. Sagan af Rómulus og Remus býður upp á fjöldamargar útfærslur, t.d. myndskreytingar og teiknimyndasögugerð. <http://www.why.is/svar.asp?id=6034>

Fróðleikskorn

Borgríki – heimsveldi

Rómverska borgríkið var kallað **lýðveldi**, í þeirri merkingu að þar réð ekki konungur eða keisari. Hvort þar var lýðræði er allt annað mál; þó orðin séu lík þurfa fyrirbærin ekki að fara saman. (Flest einræðisríki nútímans eru t.d. lýðveldi og sum rótgrónustu lýðræðisríki heimsins eru konungsríki.)

Þjóðfundur Rómverja, sem talað er um í kaflanum, er einföldun. Í raun voru haldin þrenns konar almenn þing sem höfðu mismunandi hlutverk og þó breytileg eftir tímabilum. Á hverju þingi var atkvæðisbærum borgurum skipt í hópa og hafði hver hópur eitt atkvæði. Ein skiptingin var eftir efnahag og þá voru ríkustu kjósendurnir fáir í hverjum hóp, þeir fátaeku hins vegar margir svo að þeir ríku réðu mestu. Þess vegna byggðist stjórnarfar Rómverja á **almennum** atkvæðisrétti – þó aðeins frjálsra karla – en alls ekki **jöfnum** atkvæðisrétti. Það var þá fremur takmarkað lýðræði sem leið undir lok þegar lýðveldið breyttist í keisaradæmi.

Borðsiðir Rómverja (mynd bls. 6) voru, eins og svo margt í menningu þeirra, sóttir til Grikkja og tíðkuðust á öllu áhrifasvæði grískrar menningar. Líka í Gyðingalandi á dögum Krists; þótt í íslenskri þýðingu guðspjallanna sé talað um að sitja eða setjast til borðs er í raun átt við að **liggja** til borðs. Einkum var legið til

borðs við viðhafnarmeiri máltíðir, gestaboð eða kvöldmat á fínum heimilum. Maturinn var á hlaðborði sem fólk teygði sig í eða lét þræla rétta sér. Hver maður hafði skeið en hvorki hníf né gaffal; mat þurfti að bera fram svo smátt skorinn að borða mætti með fingrunum.

Rómverska **skikkjan** (toga; mynd bls. 7) var búningur virðulegra karlmanna sem engin leið var að bera við vinnu. Hún var vafin um líkamann og ekki fest með neinu heldur haldið saman með vinstri hendinni. Hversdagsbúningur var kirtill eða stakkur með ermum, yfirleitt úr ull eins og skikkjan. Nærfötin voru lenda-klæði úr lérefti, bundið á hliðinni líkt og þegar fólk vefur um sig handklæði, og hjá konum annað léreftsklæði bundið yfir brjóstin. Rómverjar þekktu ekki hnappa og hnappagöt heldur voru fötin hnýtt saman eða haldið með spennu. Buxur þekktust ekki (ekki fyrr en seint á keisarátímanum; norðar í álfunni höfðu keltar og germanar notað þær löngu áður) eða skálmur af neinu tagi.

Bronslíkneskja af **úlfynjunni** með tvíburana Rómulus og Remus (mynd bls. 7) var til í Rómaborg að fornu. Úlfynjan (eða á fornlegra máli „ylgurin“) á myndinni er líklega eftirlíking af henni, gerð snemma á miðöldum, en börnunum bætt við síðar í ólíkum stíl.

Sagan um Rómulus og Remus er þjóðsaga sem Rómverjar sögðu sjálfir um það hvernig Rómaborg varð til. Slíkar sögur nefnast upprunasögur og eru mjög algengar í þjóðsögum. Sagan af Rómulusi og Remusi er til í dálítið ólíkum gerðum en er í stórum dráttum á þessa leið:

- Í borg, sem var til á undan Rómaborg, ríkti góður konungur en vondur bróðir hans hrakti hann frá völdum og lét dóttur hans gerast hofgyðju (Vestumey) sem þýddi að hún mátti ekki eignast börn. Hún varð samt ólétt – eftir engan annan en stríðsguðinn Mars, en barneignir guða með mennskum konum voru algengt sagnaefni hjá Grikkjum og Rómverjum – og ól tvíbura.
- Konungurinn, afabróðir tvíburanna, vildi losna við þá því hann grunaði að þeir myndu steypa sér af stóli. Annaðhvort lét hann bera þá út – sem er algengt þjóðsagnaminni og endar jafnan á því að barninu er bjargað; frægest af því tagi er gríska sögnin um Ödípús – eða að móðir þeirra bjargaði þeim með því að fleyta þeim í körfu niður ána Tíber – líkt og móðir Móse í Gamla testamentinu bjargaði honum með því að skilja hann eftir í kistu í sefinu við Níl.
- Þar sem karfan skolaðist á land (eða var skilin eftir á árbakkanum) var það fyrst úlfynja sem fann drengina, færði þá í holu sína og gaf þeim að sjúga. Til eru raunveruleg dæmi um að dýr ali upp mannbörn (sbr. heftið *Úlfabörn* eftir Ingvar Sigurgeirsson sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út 1979). Hitt er líka þekkt þjóðsagnaminni að fornir kappar hafi í bernsku nærst á mjólk villidýra.

- Síðan var það svínahirðir sem fann drengina í bæli úlfsins, fór með þá heim og ól þá upp. Á endanum hjálpuðu þeir afa sínum að ná aftur völdum sem konungur. Hann gaf þeim síðan land til að stofna sína eigin borg.
- Bræðurnir deildu um hvor þeirra ætti að velja borginni stað og gefa henni nafn sitt. Goðsvar (sem var lesið úr flugi fugla) gaf Rómulusi réttinn. Hann hóf að reisa borgarmúr. Remus hæddist að múrnum með því að stökkva yfir hann. Þá reiddist Rómulus og drap bróður sinn en varð sjálfur fyrsti konungur Rómar.

Í upprunasögnum kemur oft fyrir að tveir bræður eða fóstbræður reyni saman að stofna nýja byggð, öðrum takist það (t.d. Ingólfi Arnarsyni) en hinum (t.d. Hjörleifi) ekki. Að annar bróðirinn falli fyrir hinum þekkist líka úr Gamla testamentinu (I. Mósebók 4) þar sem Kain drepur Abel og verður síðan ættfaðir.

Krækjur

Um Rómaveldi – *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns.*

http://www.nams.is/komdu/sogu_mannkyns/frodl_sagamannk/romaveldid.html

Rómarvefurinn http://romarvefurinn.is/sagan_romaveldi_ruv.html

Sesar og Ágústus

Bls. 8–10

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað vita nemendur um ættleiðingar? Hvað er ættleiðing?
- Þekki nemendur sögurnar um Ástrík?
- Hvernig koma Rómverjar/Gallar okkur fyrir sjónir í Ástríksbókunum?
- Þekki nemendur efni þar sem fjallað er um Sesar og Ágústus?
- Ef nemendur mættu velja nafn á mánuð og ættu að nefna hann eftir einhverri þekktri persónu í nútímanum, hvað myndi mánuðurinn heita?
- Væri hægt að nefna mánuð eftir nöfnum nemenda?

Verkefni um Sesar

Um Sesar eru til sjónvarpsþættir, bíómyndir, skáldsögur, kvæði og alls konar slíkt efni. Nemendur gætu t.d. spurst fyrir um það hvort fólk sem þau þekki hafi séð Sesar í sjónvarpi eða bíó. Til dæmis er Sesar mikilvæg persóna í sumum sögunum af **Ástríki** (Asterix) sem við þekkjum bæði af myndasögum og bíómyndum.

Hópverkefni gæti t.d. verið að nemendur skipta liði og sumir skoði bíómyndir eða teiknimyndir, aðrir myndasögur í blöðum eða bókum. Svo geta þau reynt að finna svörin við þessum spurningum:

- Sögurnar um Ástrík koma frá Belgíu. Þegar þær eiga að gerast, var Belgía partur af landi sem hét eitthvað allt annað. Hvað heitir land Ástríks í sögunum?
- Ástríkur var ekki Rómverji. En hvað var hann þá?
- Í landi Ástríks var mikið af Rómverjum. En hvernig Rómverjum: börnum eða fullorðnum, körlum eða konum, og hvað gerðu þeir í vinnunni? Og hvað voru þeir að vilja í þessu landi?
- Hvað gerir Sesar í þessum sögum? Í kaflanum um Sesar í kennslubókinni er sagt frá ýmsu úr sögu Sesar, til dæmis að hann var embættismaður, seinna landstjóri, bardist í borgarastyrjöld og var síðast myrtur. Hvað af þessu er búið að gerast þegar Sesar birtist í sögunum af Ástríki?
- Er Sesar góður eða vondur í þessum sögum? En hinir Rómverjarnir?
- Við vitum að þetta eru grínsögur sem má ekki taka mjög alvarlega. Samt er lýsingin á Rómverjum ekki alveg út í loftið heldur byggð á raunverulegri þekkingu. Vopn þeirra, klæðnaður og herbúðir eru til dæmis lík því sem var í alvöru. En hvað er það í lýsingunni á Rómverjum sem er mjög ótrúlegt?

Verkefni um Ágústus

- Tungumál Rómverja hét **latína**. Hún hefur haft mikil áhrif á tungumál nútímans. Úr henni eru til dæmis nöfn allra mánaðanna. Latnesk mannanöfn, eins og Júlíus eða Ágúst, eru líka notuð í mörgum löndum enn þá. Nemendur skrifa upp nöfn

allra í bekknum og finna hvaðan þau eru upprunnin. (Það eru til bækur með skýringum á mannanöfnum; athugið hvort slík bók er ekki til heima hjá einhverjum.)
Eru einhver nöfn í bekknum komin úr latínu?

- Nemendur búa til nafnabók með 10 algengum nöfnum og upplýsingum um þau (uppruna, merkingu o.s.frv.) og 10 sjaldgæfum nöfnum og upplýsingum um þau. Nemendur velja sér nafn af latneskum uppruna sem þeir myndu vilja heita ef þeir ættu að skipta um nafn.

Fróðleikskorn

Sesar og Ágústus

Lárviðarsveigur (mynd bls. 8), bundinn um höfuðið, var heiðurstákn sem Forn-Grikkir veittu t.d. skáldum og íþróttamönnum. Hjá Rómverjum voru sigursælir herforingjar sæmdir lárviðarsveig. Hann var fléttaður úr sprotum af lárviði (sama tré og lárviðarlaufin vaxa á sem fást þurrkuð í matvöruverslunum, og má nota þau, límd á pappír eða teygjuband, til að gera raunverulega eftirlíkingu). Sesar gerði lárviðarsveiginn að tignartákni sem keisararnir notuðu lengi, þangað til þeir tóku upp austurlensk konungstákn: gullkórónu og purpuraskikkju.

Teikningin á bls. 9 sýnir samsærismennina drepa Sesar með rýtingum sem þeir höfðu falið á sér. Rómverjar gengu að jafnaði ekki vopnaðir nema þeir væru í hernum. Á miðöldum varð vopnaburður almennari. Það má t.d. sjá í Íslendingasögum; þar er gert ráð fyrir að venjulegir karlmenn fari varla út úr húsi nema vopnaðir (sbr. bls. 44).

Rómversk mynt (mynd bls. 10) kemur við sögu í Nýja testamentinu (Matt. 22. 15–22) þar sem Jesús er spurður hvort rétt sé að gyðingar greiði skatt til keisarans í Róm og gefur það fræga svar að þeir skuli „gjalda keisaranum það sem keisarans er“.

Krækjur

Hvernig var Sesar drepinn? <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5572>

Bókin *Nöfn Íslendinga* á vefnum Snara.is

<http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=36&txt=nofn>

Upplýsingar um nöfn í þjóðskrá á vef Hagstofu <http://www.hagstofa.is/pages/38>

Listi yfir íslensk mannanöfn á Wikipedia

http://is.wikipedia.org/wiki/Listi_yfir_%C3%ADslensk_mannan%C3%B6fn

Kleópatra

Bls. 11–13

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað vitið þið um meira um Kleópötru?
- Kleópatra var gift bróður sínum en það kallast nú sífjaspell. Hér væri hægt að skjóta inn umræðum um misnotkun á börnum ef kennarar treysta sér til þess. Hægt er að benda nemendum á hvert þeir geti leitað ef þeir eða einhver sem þeir þekkja hafa orðið fyrir misnotkun af einhverju tagi, líkamlegri, andlegri eða kynferðislegri.

Verkefni

- Að „ryðja úr vegi“ keppinautum sínum – drepa þá til að losna við þá – var oft gert á þessum tíma. Menn drápu jafnvel til vonar og vara þá sem gætu ef til vill orðið keppinautar þeirra seinna, eins og Ágústus gerði við son Sesars. Þannig hafði Kleópatra sjálf líka látið drepa systur sína. Svo er til gömul saga um kóng sem hét Heródes og lét drepa fjöldann allan af litlum börnum af því að eitthvert þeirra yrði kannski keppinautur hans seinna. Veit einhver hvað barnið hét sem Heródes var svo hræddur við? Bera saman þessar tvær sögur.
- Útbúa leikþátt eða spuna þar sem Kleópatra, Sesar og hirðin koma við sögu.

Fróðleikskorn

Kleópatra

Gullgríman (mynd bls. 11) er dánargríma af faraó sem hét Tutankamun. Blái liturinn er úr muldum eðalsteini (lasúrsteini). Grafhýsi Tutankamuns týndist fljótlega eftir að hann var jarðaður og fannst ekki fyrr en 1922, fullt af dýrgripum, en flestar aðrar konungagrafir í Egyptalandi höfðu verið rændar fyrir löngu, dýr-mætustu munum stolið en múmíurnar skildar eftir. Til eru múmíur sem erfðarannsóknir staðfesta að eru foreldrar Tutankamuns. Faðir hans var einnig faraó, Aknaton, og var hann, eins og tíðkaðist í ættum faraóa, giftur systur sinni.

Tutankamun var krýndur faraó níu ára gamall, nokkrum árum eftir að faðir hans dó. Sjálfur dó hann tæplega tvítugur, væntanlega eftir slys (t.d. á dýraveiðum) því að hann var lærbrotinn og með áverka á fleiri beinum, en malaríusýking hefur dregið úr viðnámsþrótti hans. Tutankamun hefur líklega ekki eignast börn önnur en tvær litlar stúlkur sem báðar fæddust andvana og voru múmíur þeirra lagðar í gróf föðurins.

Skyldleikagiftingar, sem svo mikið var um í ættum faraóa, auka hættu á erfðagöllum. Tutankamun var með hryggskekkju og beinskemmd í ökkla sem einnig finnst

í múmíum sumra ættingja hans. Þá var hann með vott af hulgómi. Eitthvað af þessu kann að hafa stafað af systkinagiftingum í fjölskyldunni.

Tutankamun var af 18. konungætt Egypta og ríkti um 1330 f.Kr. Kleópatra, sem ríkti 1300 árum seinna, var óskyld honum. Hún var af 32. konungættinni sem einn af hershöfðingjum Alexanders mikla hafði stofnað. Þótt fjölskyldan væri grísk að uppruna (og grískumælandi; sagt er að Kleópatra hafi verið sú fyrsta af sínum ættmennum sem lagði sig eftir að tala egypsku, tungumál sem löngu síðar vék fyrir arabískunni) tók hún upp ýmsar egypskar hefðir, þeirra á meðal systkinagiftingarnar.

Krækjur

Nemendur finna meiri upplýsingar um Egyptaland frá tímum Rómaveldis, píramídana og faraóana. Það má leita í kennslubókum eins og *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* og í lestrarbókinni *Blákápu*, líka í *Alfræði unga fólksins* og í myndskreyttum bókum um mannkynssögu, t.d. bók sem heitir *Fornmenning og frægar þjóðir*. Á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is) er efni um píramídana. <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/landafraedi/nr/641>

Dauði Kleópötru? <http://www.visindavefur.is/svar.asp?id=3030>

Fróðleikur um múmíur. Krökkum finnst múmíur bæði heillandi og ógnvekjandi. Hér er hægt að lesa um það hvernig líkin voru smurð og geymd. <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5661>

Þrælar

Bls. 14–17

Umræður eftir lestur kaflans

- Reynum að hugsa um hvernig það hefur verið að vera þræll á tímum Rómverja. Kannski barn í þrælafjölskyldu. Eða þrælabarn sem húsbóndinn var búinn að selja ókunnugum af því að hann vantaði peninga.
- Ef maður væri þrælahaldari í nútímanum og ætti fullt af þrælum, myndi maður leyfa þeim að búa saman og eignast börn? Hvað myndi maður gera við þrælabörnin? Væri hentugt að selja þau ung, eða kannski að mennta þau fyrst til að geta selt þau dýrt? Hugsuð ykkur að helmingurinn af bekknum væri þrælabörn sem eigendurnir vildu mennta til að hækka þau í verði.
- Hvernig væri lífið öðruvísi ef við hefðum þræla? Listið upp kosti og galla.
- Hvernig væri lífið öðruvísi ef við værum þrælar? Listið upp kosti (ef einhverjir eru) og galla.

Verkefni

- Finnið á Netinu myndir af þrælum frá dögum Rómaveldis. Helst sem fjölbreyttastar og af mismunandi þrælum. Td. skylmingaþrælum, heimilisþrælum, vinnuþrælum o.s.frv.
- Búið til stuttan spunabátt þar sem helmingur af nemendum eru þrælar og helmingur þrælahaldarar. Skiptið svo um hlutverk og gerið annan þátt. Ræðið svo hvernig ykkur leið í hvoru hlutverki.

Fróðleikskorn

Þrælar

Málverkið sem mynd er af á bls. 15 heitir „Þrælamarkaður í Róm“ og er eftir franska málarann Boulanger á 19. öld. Gulklæddi karlinn, sitjandi á miðri mynd, er þrælasalinn („servorum mango“ á veggnum merkir þrælasali) sem hefur til sölu þræla af ýmsu tagi, hvern með spjald um hálsinn, eins konar vörulýsingu. Nemendur geta spreytt sig á að ímynda sér texta fyrir hvert spjald.

Myndin á bls. 17 er úr kvikmyndinni *Spartacus* (1960) með Kirk Douglas í titilhlutverki.

Krækjur

Um rómverska þræla á Vísindavefnum

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=54483>

Jesús Kristur

Bls. 18–19

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað vitum við um Jesú Krist? Var hann til?
- Hvernig leit hann út? Er það vitað fyrir víst?
- Hvaðan fáum við hugmyndir okkar um hvernig hann leit út?

Verkefni

- Eftir að Jesús dó vildu kristnir menn varðveita sögur af því sem hann hafði gert meðan hann lifði á jörðinni. Þær sögur gengu fyrst manna á milli þannig að fólk lærði þær og sagði öðrum. Fljótlega voru þær skráðar í fjögur rit sem kallast guðspjöll og eru fremst í Nýja testamentinu, en það er seinni hlutinn af Biblíunni. Skoðið Nýja testamentið, helst útgáfu með myndum og mörgum fyrirsögnum. Skoðið guðspjöllin sem eru fremst í því. Reynið að finna í guðspjöllunum eitthvað sem sýnir að Jesús hafi átt heima í Rómaveldi.

Fróðleikskorn

Jesús Kristur

Frásögnin af Jesú er að mestu bundin við það sem góð rök eru fyrir, óháð því hvort fólk trúir á hann sem guð. Það á þó ekki við um jólaguðspjallið, sem tekið er með vegna þess hve alþekkt það er og af því að það bendir réttilega á yfirráð Rómverja yfir Gyðingalandi. En fæðing Jesú í Betlehem, sem sagt er frá í tveimur guðspjölum með mjög ólíku móti, er ekki talin meðal traustustu frásagnaratriða Nýja testamentisins.

Málverkin eru „Madonna“ (bls. 18) eftir Correggio (ítalskur málari um 1500) og „Píslarmynd“ (bls. 19) eftir Geertgen (hollenskur, 15. öld). Píslarmyndin sýnir ekki ákveðinn atburð úr píslarsögu Jesú heldur sár hans og hluti sem snerta píslarsöguna („píslartólin“). Jesús stendur í gröfinni („steinþró“) með þyrnikórónu og krossinn. Englar í bakgrunni halda á nöglunum þremur, svampi („njarðarvetti“) á reyrstaf og spjóti eða lensu, en hnútasvipa hangir á hýðingarstaurnum til hægri. Fremst má sjá Maríu Magdalenu, Maríu mey og Jóhannes postula.

Af hverju „Jesús var líka nefndur Kristur“ er ekki útskýrt í kaflanum, enda erfitt að gera börnum það skiljanlegt í mjög stuttu máli. En **kristur** er grískt orð sem merkir „hinn smurði“, samsvarar hebreska orðinu **messías**. Í Gamla testamentinu eru menn smurðir til merkis um að Guð hafi útvalið þá, m.a. til að vera konungar yfir gyðingum. Að kalla Jesú „krist“ merkir því að hann sé útvalinn af Guði, og sérstaklega að hann sé sá „messías“ (eða frelsari) sem gyðingar trúðu, samkvæmt

spádómum í Gamla testamentinu, að myndi fæðast af ætt Davíðs konungs (og fæðast einmitt í Betlehem skv. Míka 5:1–2) til að endurreisa ríki hans. Eftir því sem segir í Nýja testamentinu taldi Jesús sig að vísu vera messías en ekki sem veraldlegt konungsefni; ríki sitt væri „ekki af þessum heimi“. Af því að almennt var búist við að messías myndi hnekkja veldi Rómverja var samt hægt að kæra Jesú fyrir Pílatusi sem uppreisnarmann.

Maður gat orðið guð!

Bls. 20–21

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvaða guði þekkjum við eða höfum heyrt talað um?
- Hvað er guð? Hvað gera guðir?
- Hvað er líkt/ólíkt með guðum í mismunandi trúarbrögðum?

Verkefni

- Finnið sem flestar bækur þar sem eitthvað er sagt frá Rómverjum og Rómaveldi. Best er að komast á bókasafn til að hafa nóg af bókum. Kannski þarf að nota efnisyfirlit til að finna kaflana sem segja frá Róm. Flettið nú og skoðið myndir. Leitið að myndum sem segja okkur eitthvað um trúarbrögð Rómverja. Það gætu verið musteri, eða styttur af goðunum, eða myndir af fólki sem er að tilbiðja goðin. Eru myndirnar teikningar sem sýna hvernig menn hugsa sér að Rómverjar hafi gert? Eða eru þær ljósmyndir sem sýna fornleifar, rústir af musturum eða styttur sem búið er að grafa upp og setja á safn?
- Berið saman guði í ólíkum trúarbrögðum t.d. rómverska, heiðna eða guði úr norrænni goðafræði.

Fróðleikskorn

Maður gat orðið guð!

Málverkið á bls. 20 er „Fæðing Venusar“ eftir ítalska málarann Botticelli (um 1500). Fljúgandi verurnar eru tákni vestanvindsins sem stráir rósum á leið gyðjunnar. Á ströndinni bíður blómagyðjan Flóra með purpuraskikkju til að hylja nekt sína.

Hugmyndir Rómverja um goðin voru, eins og svo margt í rómverskri menningu, mótaðar af grískum áhrifum. Rómverjar töldu, þegar þeir kynntust goðsögnum

Grikkja, að guðirnir væru þeir sömu, Júpíter væri t.d. sá sami og Seifur hjá Grikkjum, Mars sami og Ares, Venus sama og Afródíta, Mínerva sama og Aþena o.s.frv. Jafnframt gáfu þeir goðum sínum eiginleika grísku guðanna og gyðjanna, sögðu af þeim sömu sögurnar og sýndu þau í myndlist með sama útliti.

Kristni í Rómaveldi

Bls. 22–23

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvernig gengur þjóðum nútímans að láta sér lynda þrátt fyrir mismunandi trúarbrögð?
- Skerpa þarf á því með nemendum að kristni á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar Jesús var uppi og Rómaveldi var við lýði. Þaðan berst trúin út um allan heim.
- Trúboðar, hverjir eru það?

Verkefni

- Finnið, í söguatlas eða mannkynssögubók, kort sem sýnir útbreiðslu kristinnar trúar í Rómaveldi. Er hægt að sjá af svoleiðis korti hvaða lönd eru núna þar sem kristnin festi fyrst rætur?

Fróðleikskorn

Kristnin í Rómaveldi

Teikningin af **katakombum** (bls. 22) er reyndar frá Napólí þar sem jarðhýsi voru notuð til greftrunar á sama hátt og í Róm. Myndin er úr enskri ferðabók frá 19. öld, sýnir ferðamenn með blyskoða sig um.

Rómverjar greftruðu lík látinna (eða ösku þeirra ef líkin voru brennd, eins og algengast var í heiðni) utan við borgina í grafhýsum eða afgirtum grafreitum. Á 2. öld, þegar land í grennd við borgina var orðið mjög dýrt og vaxandi tíska að grafa líkin óbrennd, fóru menn að gera grafhýsi neðanjarðar, en bergið í grennd við Róm er hentugt til að grafa í, auðunnið og lítil hætta á hruni. Í katakombunum gátu menn keypt sér hillu fyrir eitt eða tvö lík eða jafnvel klefa fyrir heila fjölskyldu. Gyðingar og kristnir (sem brenndu aldrei líkin) notuðu katakomburnar mikið og grófu stundum sínar eigin. Hitt mun vera misskilningur, sem þó var algengur um tíma, að kristnir menn hafi fært helgihald sitt niður í katakomburnar

og jafnvel hafst þar við til að forðast ofsóknir Rómverja. En lík píslarvotta, sem létu lífið í ofsóknunum, voru greftruð þar.

Öldum saman voru katakomburnar helstu greftrunarstaðir Rómaborgar og urðu gríðarlega umfangsmiklar enda þurftu þær að rúma milljónir líka. Á 5. öld, þegar Róm var orðin alkristin, var farið að nota kirkjugarða í staðinn. Síðar voru bein („helgir dómar“) píslarvottanna flutt í kirkjur og hætt að nota katakomburnar sem gleymdust gersamlega í nærri þúsund ár. Um 1600 höfðu menn fundið þær aftur og byrjað að rannsaka þær. Nú eru þekktar yfir 60 katakombur í Róm og nokkrar í öðrum rómverskum borgum. Líkkistur og grafskreytingar í katakombunum eru helsti vitnisburður um fyrstu aldir kristinnar myndlistar.

Neðri teikningin á bls. 23 sýnir **Via Appia**, rómversku þjóðleiðina suður frá Rómaborg. Á köflum af veginum hefur steinlögn Rómverja verið grafin upp eða lagfærð í upprunalegum stíl. Með fram þessum vegi voru þrælarnir, sem gerðu uppreisn með Spartakusi, krossfestir.

Er það nú alveg víst?

Bls. 24–25

Markmið kaflans

Þessum stutta kafla er ætlað að koma á dagskrá almennum umhugsunarefnum:

- að það er ekki hægt að vita allt um fortíðina;
- að gamlar sögur eru ekki alltaf sannar;
- að það er ekki alltaf hægt að vita hvort sögur eru sannar eða ósannar;
- að trúað fólk getur lagt sitt sérstaka mat á frásagnir.

Þetta eru grundvallaratriði söguþekkingar en ungum nemendum varla ætlandi að fást við þau nema í umræðum undir leiðsögn kennara. Hann getur spurt nemendur eftir dæmum úr þeirra reynsluheimi, t.d. um slúðursögur sem reynast ósannar eða fréttir af frægu fólki sem gætu verið ósannar.

Umræður eftir lestur kaflans

- Kraftaverkasögur – umræður.
- Þekking krakkarnir lygilegar sögur.
- Lesa fyrir þau nokkrar Munchhausensögur.
- Ræða hvernig sögur breytast við að ganga manna á milli. Þekking nemendur dæmi um slíkt? (Rétt að vekja athygli á því að slíkt gerist ekki endilega meðvitað.)
- eru til svona sögur um fólk á Íslandi?

Verkefni

- Vinna með lygisögur t.d. búa til lygasögu. Hún má gjarna vera með það miklum ýkjum að augljóslega má greina það sem ekki er satt.

Fróðleikskorn

Er það nú alveg víst?

Málverkið (bls. 25) er eftir Ívan Aivazovskij, rússneskan málara á 19. öld. Sagan er hjá Matteusi 14:22–32.

Frá Rómverjum til riddara

Bls. 26–41

Kaflinn tengist aðeins einu inntaksmarkmiði aðalnámskrár:

Nemandi á að

- gera sér grein fyrir ... útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn

Útbreiðsla kristinnar er ekki rakin til Norðurlanda því að það tilheyrir síðari kafla, hins vegar til Írlands og Bretlands sem einnig skipta máli fyrir kristnun Íslands.

Efni kaflans er þó ekki bundið við kristnisöguna heldur tekur með stiklur úr stjórnmálasögu sem brúa bilið milli Rómaveldis og víkingaaldar. Þar koma við sögu aust-rómverska ríkið eða Miklagarðsríki, þjóðflutningarnir í Evrópu, heimsveldi Araba og riddaraveldi Karlunga í Vestur-Evrópu. Þar sem ekki er mælt fyrir um þetta efni í námskrá er að sjálfsgöðu óþarft að hver nemandi vinni með það allt.

Konstantínus keisari

Bls. 26–28

Umræður eftir lestur kaflans

- Skoðið á korti staðsetningu og aðstæður í Róm annars vegar og Konstantínópel hins vegar.
- Eruð þið sammála því að Konstantínópel hefði verið hentugri höfuðborg?

Verkefni

- Ímyndið ykkur fólk í Rómaveldi á dögum Konstantínusar, einhverja tvo sem eru að tala um hvort það sé rétt að hætta við heiðnina og verða kristinn. Það geta til dæmis verið hjón að tala saman – eða gamlir vinir – eða tveir hermenn – eða bóndakona að tala við konuna á næsta bæ. Eða bara einhverjir sem ykkur dettur í hug. Látið annan mæla með kristninni og hinn á móti. Hvað gætu þeir til dæmis sagt? Þið getið teiknað mynd og sett í talblöðru hvað fólkið segir. Eða kannski skrifað það niður og flutt það eins og leikrit.

Fróðleikskorn

Konstantínus keisari

Styttan (bls. 26), ásamt styttunum af Ágústusi og Sesari (bls. 8 og 10) og minj-unum á Rómartorgi (bls. 5), minnir á hvernig hvítur marmari var notaður, bæði í Grikklandi og Rómaveldi, í myndlist og byggingarlist.

Sagan um **Konstantínus og krossinn** (mynd bls. 27) er, eins og margar þjóðsögur, til í mismunandi myndum. Líklega er sú gerðin upprunalegust sem nefnir ekki krossmark heldur „tákn Krists“ (gert úr grísku bókstöfunum fyrir hljóðin **k** og **r**; þeir líta út líkt og X og P), en í seinni gerðum sögunnar varð krossinn ofan á. Síðar var sagan heimfærð á danskan konung, Valdimar sigursæla, sem gerði innrás í Eistland og háði þar orrustu við heiðna heimamenn árið 1215. Sagan var ekki skráð fyrr en löngu seinna, en samkvæmt henni hafði gunnfáni með krossmarki fallið niður af himni og rödd hljómað sem hét Dönum sigri ef þeir bæru þetta merki gegn óvinum sínum. Eftir þessari sögu er gerður þjóðfáni Dana, Dannebrog. Að hans fyrirmynd hafa aðrar Norðurlandþjóðir valið sér krossfána, m.a. Íslendingar. Þannig tengist íslenski fáninn þjóðsögunni um sigur Konstantínusar.

Dómkirkja keisaranna í Konstantínópel (mynd bls. 27) hét **Kirkja heilagrar visku, Hagia sofia** á grísku. Hún var reist á 6. öld og var stærsta og veglegasta kirkja í heimi þar til henni var breytt í mosku 1453. Á 20. öld, þegar Tyrkland var orðið veraldlegt ríki og islam ekki lengur opinber trúarbrögð, var moskan lögð niður og byggingunni breytt í safn sem bæði er helgað kristinni og islamskri fortíð hennar. (Hægt að skoða á Netinu:

<http://www.3dmekanlar.com/en/hagia-sophia.html>) Islamskar skreytingar, sem huldu eldri kristnar helgimyndir, hafa að nokkru leyti verið fjarlægðar.

Í afkimum kirkjunnar má finna veggjakrot frá ólíkum tímum, m.a. tvær norrænar rúnaristur eftir menn sem kalla sig Hálfðan og Ara (eða Árna). Þeir hafa að líkindum verið hermenn í lífverði Miklagarðskeisara sem á 11. öld var einkum skipaður norrænum mönnum, svonefndum **væringjum**. Þekktastur þeirra (um 1040) var Haraldur Sigurðarson, síðar Noregskonungur (Haraldur harðráði, sjá bls. 76).

Krækjur

Trúartákn

<http://www.icegamer.net/truarbragdavefurinn/islam/takn/islamTakn.htm>

Helgir menn og helgir dómar

Bls. 28–29

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað er að vera dýrlingur?
- Umræður um fyrirmyndir fólks, góðar og slæmar.
- Dagar tengdir fólki.

Verkefni

- Leitið upplýsinga um dýrlinga á vefnum t.d. á Vísindavefnum Takið sérstaklega eftir hvort eitthvað er sagt um **kraftaverk** í sambandi við dýrlinga. Vinnið í hópum, 2–3 saman. Finnið upplýsingar um einn dýrling og segið bekknum frá honum í stuttu máli.

Fróðleikskorn

Helgir menn og helgir dómar

Maríumyndin á bls. 28 er eftir Botticelli, þann sama og Venusarmyndin á bls. 20. Hann starfaði í Flórens, einn af helstu fulltrúum endurreisnarlistarinnar.

Heilagur **Nikulás** (teikning bls. 29) er kenndur við Myra á suðurströnd Litlu-Asíu þar sem sagt er að hann hafi verið biskup á 4. öld. Þar var síðar reist dómkirkja helguð honum og var þar varðveittur „helgur dómur“ dýrlingsins, þ.e. bein sem talin voru líkamsleifar hans. Á 11. öld rændu ítalskir sæfarar beinunum og fluttu til Bari. Þar var byggð sérstök kirkja til að varðveita helgidóminn, fjölsótt af pílagrímmum á miðöldum. Um Nikulás er til fjöldi sagna, óvíst hvort sannsögulegur kjarni er í einhverjum þeirra. **Nikeujátninguna** má finna, með skýringum, á vef Þjóðkirkjunnar: <http://www.kirkjan.is/node/86>

Íslensku dýrlingarnir, Þorlákur Þórhallsson biskup í Skálholti (d. 1193) og Jón Ögmundarson, fyrsti biskupinn á Hólum (d. 1121), voru teknir í heilagra manna tölu með ákvörðun Alþingis (þ.e. goðanna í lögréttu) um 1200. Áður var safnað sögum sem áttu að staðfesta að kraftaverk hefðu gerst þegar beðið var til hinna framliðnu biskupa og „heitið á“ þá, þ.e. lofað að gefa einhverja gjöf ef bænin rættist. Lík biskupanna voru grafin upp og varðveitt sem helgidómar í dómkirkjunum í Skálholti og á Hólum. Þeim voru helgaðir sérstakir messudagar; af þeim er Þorláksmessa á vetur (23. desember) alþekkt. Jónsmessan (24. júní, Jónsmessunótt kvöldið áður) er hins vegar ekki kennd við Jón Hólabiskup heldur Jóhannes skírara.

Síðar kom upp trú á helgi þriðja íslenska biskupsins, Guðmundar Arasonar Hóla-biskups (d. 1237). En þá hafði reglum kirkjunnar verið breytt og bannað að taka fólk í dýrtinga tölu nema með samþykki páfa. Það fékkst aldrei svo að Guðmundur varð ekki opinber dýrtingur enda kallaður Guðmundur góði, ekki helgi. Þó voru bein hans grafinn upp og honum helgaður messudagur, Gvendardagur.

Þegar páfi heimsótti Ísland 1985 var Þorlákur helgi lýstur verndardýrtingur Íslands. Á hliðstæðan hátt geta starfsstéttir eða þjóðfélagshópar átt verndardýrtinga; heilagur Nikulás er þannig t.d. verndardýrtingur bæði kaupmanna (eins og vel sæmir jólasveini nútímans) og námsmanna.

Krækjur

Fróðleikur um Heilagan Nikulás – jólasveininn

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5510>

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=698639

Atli Húnakonungur

Bls. 30–31

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvar er Ungverjaland?
- Hvaða þjóðflokkar eru til í dag? Indíánar, Inúítar, Samar og fleiri.
- Skoðið sögurnar af dýrtingunum í kaflanum á undan. Skoðið svo sögurnar af Atla Húnakonungi. Er raunverulegt fólk annaðhvort algott eða alsæmt?

Verkefni

Til að vita meira um þjóðflutningatímamann er gott að sjá á korti hvaða þjóðflokkar voru á ferð og til hvaða landa þeir fluttust. Slíkt kort má finna í söguatlas eða í mannkynssögubók og á Netinu. Svo þurfa nemendur annað kort til að sjá hvað löndin heita núna. Notið kortin til að svara nokkrum spurningum um þjóðflutningana:

- Kom einhver þjóðflokkurinn alla leið norður til Íslands?
- Komst einhver þeirra alla leið suður til Afríku?
- Sést á kortinu hvar Húnar áttu heima? Og er sýnt hvert þeir fóru í herferðir? Komust þeir til Gallíu (Frakklands)? En Bretlands?
- Er sýnt á kortinu hvaða þjóðflokkar voru germanskir? (Það þýðir að þeir hafa tal- að tungumál sem er svolítið skylt íslensku.) Sést þá hvort Húnar voru germanskir?
- Tvisvar á þjóðflutningatímanum kom óvinaher til Rómaborgar, lagði hana undir sig, rændi og ruplaði. Sést hvaða þjóðflokkar gerðu það?

Fróðleikskorn

Atli Húnakonungur

Algenzt er að flokka þjóðir eftir tungumálum og hafa þau til marks um uppruna þeirra og skyldleika. Á þann mælikvarða eru Húnar nokkur ráðgáta því að tunga þeirra er ekki þekkt og því ekki vitað hvort hún var t.d. skyld mongólsku. En Húnar hafa verið austrænir í útliti og framandi í siðum og háttum.

Aðrar þjóðflutningaþjóðir voru margar germanskar, þ.e. skyldar Þjóðverjum og Norðurlandabúum, en af þeim voru það einungis Engilsaxar sem héldu tungu sinni í nýju landi. Þá fluttust slavar suður á Balkanskaga þar sem Búlgarar, Serbar, Króatar o.fl. eru afkomendur þeirra.

Eða öllu heldur: búlgarska, serbó-króatíska o.s.frv. eru komnar af tungu hinna slavnesku innflytjenda. Fólk sem flyst milli landa blandast alltaf þeim sem fyrir eru en saga tungumálanna er einfaldari. Þannig má t.d. segja að Ungverjar séu afkomendur hirðingjaþjóðar, sem kom frá Úkraínu og settist að á Dónársléttunni um 900, af því að ungverskan (fjarskyld finnsku) er komin af tungu þessara innflytjenda. Sjálfsagt eru Ungverjar nútímans líka afkomendur Húna og margra annarra aðkomuþjóða, fyrr og síðar, en með því að flokka eftir tungumálum er horft framhjá slíkum flækjum.

Með sömu rökum teljast Íslendingar einfaldlega norræn þjóð þótt þeir eigi ekki eingöngu ættir sínar að rekja til Norðurlanda heldur að u.þ.b. þriðjungi til Bretlandseyja.

Heilagur Patrekur

Bls. 32–33

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað er munkur/nunna, ábóti/abbadís?
- Hafa þau komið í klaustur?
- Eru klaustur á Íslandi? Hverjir eru þar?
- Hvað gerir fólk í klastrum?
- St. Patriks dagurinn er 17. mars en það er þjóðhátíðardagur Íra.
- Hvers vegna er ekki talað um papana sem fyrstu landnámsmenn á Íslandi?

Verkefni

- Hvenær hafa munkar/nunnur verið á Íslandi?Hvar hafa verið klaustur? Eru til klaustur enn þann dag í dag?

- Finnið myndir af munkum og nunnum frá mismunandi tímabilum og mismunandi löndum. Berið saman.

Fróðleikskorn

Heilagur Patrekur

Styttan af **Patreki** (bls. 32) sýnir, eins og teikningin af heilögum Nikulási (bls. 29), embættistákni biskupa, biskupsstaf eða **bagal**. Bagallinn táknar staf fjárhirða (langan, með krók sem hægt var að nota til að grípa lömb, sjá teikningu bls. 40) í samræmi við algengar líkingar um kristið fólk sem hjörð eða sauði Krists og hann sjálfan sem góða hirðinn. Höfuðbúnaðurinn heitir **mítur**.

Um Patrek er til fjöldi sagna og óvíst um sannleiksgildi þeirra. Um ánauðina á Írlandi er þó til hans eigin vitnisburður. Hann var uppi á 5. öld (ekki vitað nákvæmlega hvenær), ekki fyrsti kristniboðinn á Írlandi en væntanlega einn hinn áhrifamesti.

Smáralaufið (teikning bls. 32, sýnir músasmára sem Írar tengja sérstaklega við Patrek) er tengt við heilagan Patrek vegna sögu um það hvernig hann hafi útskýrt heilaga þrenningu fyrir heiðnum Írum með því að líkja henni við hið þrískipta smáralauf. Á Íslandi er það hins vegar þrilita fjólan sem kölluð er þrenningargras og þrír litir hennar tengdir við þrjár persónur guðdómsins. Sú tenging er þekkt í ýmsum löndum síðan á miðöldum. Fjólan var þekkt lækningajurt og að því leyti nærtækt að tengja hana við hið heilaga.

Um **papa** á Íslandi hafa ekki fundist ápreifanlegar menjar. Papar eða Írar fluttu sauðfé til Færeyja en ekki til Íslands – íslensku búfjárkynin eru komin frá Norðurlöndum – og hafa því ekki stundað búskap á Íslandi eða stofnað þar varanlega byggð. En örugglega þekktu þeir landið og kunnu að sigla þangað. Af ferðum áberandi farfugla, álfta og gæsa, gátu írskir landkönnuðir áttað sig á því að Ísland væri til og í hvaða átt þess væri að leita.

Múhameð spámaður

Bls. 26–28

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað er að vera trúaður? Trúa allir á eitthvað? Hvað er hægt að trúa á?
- Hver er munurinn á trú og trúarbrögðum?
- Hvað er líkt og ólíkt með trúarbrögðunum islam, kristin trú og gyðingatrú? Hver er tilgangur pílgrímsferða og hvernig fara þær fram?
- Bera saman söguna um Múhameð og Jesú.
- Af hverju eru deilur milli trúarhópa?

Verkefni

- Hópverkefni – bera saman nokkur trúarbrögð.
- Leitið að upplýsingum á Netinu um hvaða trúarbrögð finnast á Íslandi auk kristinnar trúar.
- Þekkir þú einhvern sem er annarrar trúar en þú? Hvernig iðkar hann trú sína?

Fróðleikskorn

Múhameð spámaður

Orðið **spámaður** táknar hér ekki þann sem segir fyrir óorðna hluti. Í Gamla testamentinu er það haft um menn sem Guð valdi til að færa fólki boðskap sinn, og það er í þerri merkingu sem Múhameð taldi sig vera hinn síðasta og endanlega spámann. Að kristnum skilningi var hlutverki spámannanna lokið þegar Guð op-beraðist sjálfur í Jesú Kristi.

Mekka (mynd bls. 34) var ættborg Múhameðs, mikilvæg verslunarborg og helgi- staður í arabískri heiðni. Síðan var hún höfuðborg Múhameðs og fyrstu kalífanna. Úr hofi borgarinnar, Kaaba, lét Múhameð fjarlægja guðamyndir (skurðgoð) en byggingin sjálf, og „svarti steinninn“ (væntanlega loftsteinn) sem átrúnaður hafði verið á, urðu helgidómar í hinni nýju trú.

Myndin er frá moskunni í Mekka, mesta helgidómi múslima og langstærstu mosku í heimi en hún rúmar um 800 000 manns auk þeirra sem komast fyrir í garðinum. Þar stendur Kaaba, teningslaga bygging sveipuð svörtu klæði og gull- saumuðum borðum. Fólki er sjaldan hleypt inn í Kaaba en svartu steinninn er greyptur í eitt hornið þannig að hægt er að sjá hann og kyssa utan frá. Pílgrímar, sem koma til Mekka milljónum saman á hverju ári, eiga að ganga sjö hringi kring- um Kaaba.

Þegar múslimar biðjast fyrir, bæði á föstum bænastundum fimm sinnum á dag og við föstudagsbænir í moskum, leggjast þeir í bænastellingu og snúa höfði í

átt til Mekka. Í hverri mosku er útskot, táknmynd af helli, sem sýnir stefnuna til Mekka. (Minnir á kór í kirkju, en hann snýr í austur, í átt sólarupprisunnar.) Þegar menn leggjast á bæn í Mekka sjálfri snúa þeir höfði í átt til Kaaba. Moskan mikla í Mekka er því sú eina þar sem ekki er ein ákveðin bænastefna. Myndin er tekin í lok föstudagsbæna, maðurinn í forgrunni er í hvítum búningi pílgríma.

krækjur

Trúarbrögð mannkyns á vef Námsgagnastofnunar

http://www.nams.is/truarbrogd_mannkyns/index.htm

Um Múhameð má lesa í kennsluleiðbeiningum Guðlaugar Björgvinsdóttur,

http://www.nams.is/truarbrogd_mannkyns/islam_klb.pdf

Sjá einnig islamsvef Námsgagnastofnunar

http://www.namsagnastofnun.is/verdenrundt/10_islam/islam_indhold.htm

einkum greinarnar „Stoðirnar fimm“, „Bænin“, „Mekka“ og „Moska“)

Karl keisari mikli

Bls. 36–37

Umræður eftir lestur kaflans

- Riddarar, umræður um búninga riddara, brynjur, lensur og vopn.
- Hvernig eru riddarar sem við þekkjum úr bíómyndum, bókum eða myndasögum?
- Hvernig líta þeir út og hvaða eiginleika þurfa þeir að hafa (hugrekki, hugprýði o.s. frv.)

Verkefni

- Rómverjar koma fyrir í myndasögum eins og sögunum af Ástríki. En það eru til miklu fleiri myndasögur um riddara (til dæmis Arthúr konung eða prins Valíant), líka bíómyndir, tölvuleikir og annað slíkt efni. Auk þess má finna myndir af þeim í mannkynssögubókum og alfræðiritum. Leitið á Netinu að myndum af riddurum.

Fróðleikskorn

Karl keisari mikli

Riddarastyttan sem talin er sýna Karl mikla (bls. 36; hún er nú í Louvre, þjóðlistasafni Frakka) er lítil bronsmynd, gerð um hálfri öld eftir lát hans. Karl er hér ekki sýndur í herklæðum riddara heldur í konungsskrúða, með kórónu á höfði og „ríkisepli“ í hendi. Ríkiseplið, sem á miðöldum táknaði vald konungs eða keisara, er síð-rómverskt keisaratákn, merkir að keisarinn eigi að hafa allan heiminn – jarðarhnöttinn – á valdi sínu. En að jörðin sé hnöttur vissu upplýstir menn allt frá dögum Forn-Grikkja; að miðaldamenn hafi hugsað sér jörðina flata er algengur misskilningur.

Herklaedin sem mynd er af á bls. 37 eru frá 15. öld og sýna síðasta stigið í brynvörn riddaraliðs þar sem allur líkaminn er varinn, helst með gegnheilum stálplötum. Riddari sem barðist í þessum búningi hefur setið á hesti sem einnig var að talsverðu leyti brynjaður, og þurfti hesta af sérstökum stórvöxnum kynjum til að bera þunga brynvarnarinnar. Eldra stig herklæða er hringabrynjan (sbr. styttuna bls. 48), en hún var aðalvörn riddara á tíma krossferðanna. Riddarar Karls mikla hafa að hluta til notað hringabrynjur en einnig einfaldari spangabrynjur þar sem járnplötur eða -spangir eru festar á verjur úr leðri eða klæði.

Karl mikli (á latínu *Carolus magnus*, þar af Karlamagnús í fornritum) var konungur svonefndra Franka sem Frakkland dregur nafn af. Frankar voru ein þeirra germönsku þjóðflutningaþjóða sem stofnuðu konungsríki í vesturhluta Rómaveldis. Karl var sjálfur frá hinum þýska hluta Frankaríkisins og átti höfuðborg sína þar, í Aachen (sjá nánar bls. 77). Frakkland og Þýskaland urðu til sem aðskilin ríki þegar sonarsynir Karls skiptu ríki hans á milli sín.

Saga **ístaðsins** er hér einfölduð nokkuð. Ýmsar riddaraþjóðir höfðu notað einhvers konar leðurlykkjur til stuðnings fótunum, þar á meðal líklega Húnar. Járnistöð eru fyrst þekkt frá Kína. Þau bárust til Evrópu á 6. öld með hirðingjaþjóð sem nefnist Avarar; þeir komu að austan líkt og Húnar og réðu um tíma ríkjum á ungversku sléttunni. Af þeim lærðu bæði Miklagarðsmenn og Frankar að smíða hnakka með ístöðum.

Hvaða ár gerðist það?

Bls. 38–41

Ártöl hafa ekki komið fyrir í efninu hingað til en eru hér kynnt með sérstökum verkefnum, með fram í því skyni að brjóta upp lesturinn með þemavinnu. Mikilvægt er að nemendur kynnist ártölum ekki sem merkingarlausum minnisatriðum heldur sem upplýsingum um tímaröð og tímalengd. Þau kynni verða áþreifanlegri með því að tengja ártöl við eigin reynsluheim og sinna nánustu.

Hér er aðeins fengist við ártöl, ekki aldir, ekki notuð hugtök eins og að Sesar hafi verið uppi á 1. öld f.Kr. eða að nú sé 21. öld e.Kr. Í næsta kafla er hins vegar fjallað um hugtök eins og **steinöld** og **víkingaöld** og getur þá orkað ruglandi að hafa fyrir skemmstu lært um aldir í tímatalmerkingu. Aldir tímatalins þurfa rækilega þjálfun svo að ekki ruglist saman aldaheitin og hundruðin í ártölunum (t.d. að á 17. öld byrji ártölin einmitt ekki á 17).

Ártöl

Tímalínur eða tímaásar eru hið gagnlegasta hjálpartæki við sögunám og er tíma vel varið til að ná valdi á þeim. Mælt er með að nemendur æfi sig fyrst á einföldum tímalínunum með fáum ártölum sem tengja má eigin reynslu eða sinna nánustu.

Fæðing Jesú?

Í þessum undirkafla er sagt frá tveimur atriðum sem snerta tímaásana, þ.e. ártölum fyrir og eftir Krist og árinu eitt. Jafnframt eru tekin dæmi um það sem rætt var í kaflanum Er það nú alveg víst? – þ.e. hvernig ekki er alltaf hægt að vita með vissu svörin við sögulegum spurningum. Vafinn um fæðingardag og fæðingarár Jesú snýst ekki um að trúa eða trúa ekki Biblíunni því að um hvorugt eru neinar ákveðnar upplýsingar í henni. Hentugt umhugsunarefni er að ímynda sér að einhvern veginn kæmi í ljós nákvæmlega hvenær Jesús hefði í rauninni fæðst. Væri þá rétt að breyta ártölunum til samræmis við það? Og væri rétt að færa jólin til að halda upp á rétt afmæli Jesú? Á þessu má auðvitað hver hafa sína skoðun en væntanlega næðist ekki samstaða um það rask sem slíkum breytingum fylgdi.

Fróðleikskorn

Hvaða ár gerðist það?

Kirkja hinnar heilögu grafar í Jerúsalem (mynd bls. 41) var upphaflega reist á dögum Konstantínusar mikla (sjá bls. 28; Fæðingarkirkjan í Betlehem var reist á sama tíma, einnig að frumkvæði Helenu keisaramóður). Þótt múslimar legðu undir sig Jerúsalem friðuðu þeir helstu helgistaði kristinnar og veittu kristnum pílgrímum aðgang að þeim í nærri 400 ár. Á 11. öld fóru valdhafar að amast við pílgrímum og létu rífa kirkjuna. Meðan krossfarar réðu yfir Jerúsalem á 12. og 13. öld var ný kirkja reist sem enn stendur, þó mikið endurnýjuð.

Víkingar og landnámsmenn

Bls. 42–53

Þetta er frekar stuttur kafli, tengdur eftirfarandi inntaksmarkmiðum aðalnámskrár:

Nemandi á að

- þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða
- þekkja ýmsa þætti víkingatímans
- kunna sögur af landnámi Íslands

Að rekja Norðurlandasöguna allt aftur til ísaldar, og nota hana til að kynna forsöguleg tímabil eins og steinöld, er í anda þrepamarkmiðanna sem aðalnámskrá gefur dæmi um.

Norðurlönd

Bls. 42–44

Umræður eftir lestur kaflans

- Ísland var numið langt á eftir öðrum þjóðum; hvað ætli hafi verið hér áður en land var numið? Var eitthvert líf hér þá?
- Hvað einkennir steinöld, bronsöld, járnöld, ísöld?
- Hafa nemendur séð teiknimyndirnar um Steinaldarmennina?
- Hvað segja þær okkur um steinöld? Er eitthvað af því trúverðugt?

Verkefni

- Nú væri gott að finna meiri fróðleik, sérstaklega myndir. Nemendur leita á Netinu og í fræðslubókum að myndum frá ísöld, steinöld, bronsöld og járnöld. Það má t.d. leita í: *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Blákápa, Alfræði unga fólksins, Kortabók fyrir grunnskóla*. Það sem nemendur finna um þessi tímabil er kannski ekki nákvæmlega um Norðurlönd. Nemendur gætu hugsanleg teiknað myndir af þeim hlutum sem þeir fundu.
- Ef aðstæður leyfa má láta nemendur hanna og smíða hluti úr steini eða málmum í samstarfi við verkmenntakennara.

Fróðleikskorn

Norðurlönd

Myndirnar á bls. 42 sýna dæmigerðar fornleifar frá mismunandi tímabilum.

Í miðri er **handöxi** úr gróft höggnum steini sem forfeður nútímamannsins bjuggu til og notuðu með svipuðum hætti í meira en milljón ár.

Á lokastigi steinaldar, eftir að landbúnaður hófst, voru steináhöld miklu fjölbreyttari, ekki aðeins gerð með því að kljúfa steininn heldur einnig með því að klappa hann og slípa í hæfilegt form. Frá því stigi eru efstu hlutirnir á myndinni, steinbolli ásamt steinhnalli sem nota mátti til að mylja korn. Snúin handkvörn var yngra tæki til sömu nota og miklu afkastameira; hún er dæmi um steináhald sem notað var löngu eftir að steinöld lauk.

Neðst er öxi steipt úr **brónsi**. Slíkar axir, bæði sem vopn og verkfæri, leystu af hólmi axir sem steinaldarmenn gerðu úr tinnusteini og festu á tréskaft.

Tré, bein og önnur efni voru alltaf notuð ásamt steininum en af þeim hefur minna varðveist. Þegar fornleifafræðingur finnur t.d. örvarodd úr tinnusteini, þá er ljóst að úr einhverju hafa steinaldarmenn gert bogann og örina, einnig bogastrenginn og böndin sem héldu oddinum á örinni.

Myndin á bls. 43 sýnir **skriðjökul** (Svínafellsjökul í Öræfum). Jökull skriður jafnan undan halla og ýtir með sér mól og leir. Mjög þykkur jökull skriður líka undan þunga sínum, jafnvel þó á sléttlendi sé. Íslenskir dalir og firðir eru mótaðir af skriðjöklum ísaldar. Á hálendi Skandinavíu varð ísaldarjökullinn svo þykkur að skriðjöklar hans þöktu mestalla Danmörku og er landslag hennar myndað af framburði sem þeir skildu eftir.

Víkingaskip og víkingaöld

Bls. 44–45

Umræður eftir lestur kaflans

- Hver var munurinn á langskipi og knerri?
- Hvernig rötuðu landnámsmenn?
- Hvað tóku þeir með sér milli landa, t.d. til Íslands?
- Hvernig fólk voru víkingar?
- Skoðið saman siglingaleiðir landnámsmanna, hvar fóru þeir, hvernig er strandlengja Noregs og Íslands?

Verkefni

- Finnið myndir af víkingaskipum og meiri upplýsingar um þau. Leitarorð á Netinu gætu verið, víkingaskip, víkingeskibene, víkingaskepp. Athugið hvort myndirnar eru teikningar eða ljósmyndir. Sýna einhverjar þeirra leifar af eldgömlum alvöru-víkingaskipum? Eða eftirlíkingar sem nútímamenn hafa smíðað? Sýna myndirnar eitthvað um hvernig skipin voru smíðuð? Eða hvernig þeim var siglt og róið? Er sýnt að þau flytji hermenn eða vörur? Prentið myndirnar út og flokkið eftir sameiginlegum einkennum.

Fróðleikskorn

Víkingaskip og víkingaöld

Víkingaskipið **Íslending** (mynd bls. 44; nú í safninu Víkingaheimum í Reykjanesbæ) smíðaði skipasmiðurinn Gunnar Marel Eggertsson. Því var m.a. siglt til Ameríku árið 2000 til að minnast landafunda norrænna manna í Vesturheimi. Skipið er eftirlíking af norsku skipi, Gaukstaðarskipinu, sem var smíðað um 890 (nákvæm tímasetning út frá mynstri áhringa í viðinum), einmitt þegar landnám á Íslandi stóð sem hæst.

Hvort er Íslendingur langskip eða knörr? Fremur langskip (og þó tiltölulega breitt, gert til að bera farm auk ræðara eða hermanna). Knörrinn var sérhæft flutningaskip með þilfari fremst og aftast og ekki pláss fyrir marga ræðara. Norskir kaupmenn, sem önnuðust samgöngur við Ísland á 12. og 13. öld, sigldu þangað á knörrum; það var sú gerð hafskipa sem höfundar íslenskra fornrita þekktu og tala um eins og hún hafi alltaf verið til. En óvíst er hvort knörrinn þróaðist fyrir en landnámsöld á Íslandi var lokið. Þess vegna er ekki talað um hann í þessum kafla. Þótt ekki sé vitað með vissu hvers konar farkostum landnámsmenn sigldu til Íslands er nærtækast að hugsa sér þá í líkingu við Gaukstaðarskipið.

Að víkingar „létu borga sér fyrir að ræna ekki“ gerðist sérstaklega á Englandi þar sem konungur keypti margsinnis frið af víkingum með því að greiða þeim stórfé (nokkur tonn af silfri í hvert sinn), svonefnd „Danagjöld“. Þótt gjöldin séu kennd við Dani voru þeir ekki einir um hituna; Ólafur Tryggvason hafði t.d. auðgast af slíkum greiðslum áður en hann sneri frá Englandi til Noregs og varð konungur (sbr. bls. 62).

Krækjur

Víkingaheimar <http://www.vikingaheimar.com/>

Landnámsmenn

Bls. 46–47

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað er landnám/landnámsmaður?
- Gæti maður gerst landnámsmaður nú á tímum?
- Hvernig merktu landnámsmenn sér lönd?

Verkefni

- Finnið kort af Norður-Atlantshafi og sjáið hvaða leiðir víkingar voru að sigla þegar þeir fundu alveg óvart Færeyjar, Ísland, Grænland og Vínland. Merkið leiðirnar inn á landakort.

Fróðleikskorn

Landnámsmenn

Ljósmyndirnar fjórar sýna móttöku ferðamanna á Eiríksstöðum í Haukadal.

Þótt norrænir menn, eða „víkingar“ sem við köllum, hafi verið snjallir sæfarar lentu þeir oft í hafvillum, og vafalaust er það rétt, eins og sagt er frá í fornritum, að ný lönd hafi þeir helst fundið óvart þegar þeir villtust fram hjá ákvörðunarstað sínum.

Á siglingaleiðum, þar sem menn höfðu ekki landsýn, rötuðu þeir með því að áætla hve langt þeir hefðu siglt og í hvaða stefnu, og með því að taka eftir náttúruþyrirbærum: öldulagi sem breytist á grunnsævi; háum skýjabólstrum sem myndast yfir fjöllum; sjófuglum sem um varptímann fara ekki langt á haf út og stefna til lands ef þeir fljúga með æti í nefi.

Ef menn villtust á annað borð gátu þeir ekki gert staðarákvörðun eins og sæfarar síðari alda. Til þess hefði þurft nákvæma klukku, sem ekki var til á víkingaöld, og stjörnur, en á norðurslóðum sigldu menn helst um hásumarið þegar ekki varð svo dimmt að sæi til stjarna. Með því að fylgjast með hæð sólar yfir sjóndeildarhring og mæla hvað hún reis hæst um miðjan dag mátti reikna út hve norðarlega skipið var statt. En hvað það var komið langt í austur eða vestur gátu menn aldrei verið vissir um. Ef þeir villtust í þokum og stormum, t.d. á leið frá Noregi til Færeyja, gátu þeir séð hvort þeir höfðu lent of norðarlega eða sunnarlega en ekki verið vissir um hvort þeir væru staddir fyrir austan Færeyjar eða vestan. Þetta er skýringin á því að menn fundu stundum lönd svo langt fyrir vestan ákvörðunarstað sinn.

Svo höfðu Írar vissulega fundið bæði Færeyjar og Ísland (og hugsanlega meginland Ameríku en sú ályktun er reyndar hæpin). Þess vegna gátu víkingar líka frétt hjá þeim að þessi lönd væru til.

Af hverju kærðu menn sig um að fara og setjast að í óbyggðum og afskekktum löndum? Hvað var svona sérstaklega gott og byggilegt við lönd eins og Færeyjar, Ísland og Grænland?

Það þurfti ekki að vera neitt sérstakt. Í bændasamfélagi eru góðar bújarðir yfirleitt of fáar. Jafnvel litlar og lélegar jarðir eru ekki alltaf auðfengnar. Að setjast að í nýju landi og geta eignast þar eins stóra jörð og manni sýnist er þá auðvitað freistandi, jafnvel þótt nýja landið sé í sjálfu sér ekki betra en það gamla. En svo höfðu nýju löndin líka sína kosti. Villt náttúra sem aldrei hafði verið nytjuð, t.d. fuglavarp, fiskveiði í ám og lækjum og selveiði, var gjöful fyrsta kastið. Íslensku birkiskógarnir höfðu líka þann stóra kost, borið saman við Noreg, hve fljótlegt var að ryðja þá með öxi og eldi og breyta í heyskaphæft graslandi.

Íslendingar af þeim kynslóðum sem sömdu Landnámabók og Íslendingasögur gerðu sér háar hugmyndir um forfeður sína. Landnámsmenn hefðu verið stórmenni í sínum fyrri heimalöndum, jarlar og hersar eða a.m.k. bændahöfðingjar. Til að slíkir menn setjist að í óbyggðum löndum langt úti í hafi hlaut eitthvað mikið að koma til. Þeir hefðu lent í deilum í gamla heimalandinu, helst við sjálfan konunginn Harald hárfagra (eitt besta dæmið er 2. kafli Laxdæla sögu; í Landnámu er allt önnur saga af því hvernig sama fjölskylda féll í ónád hjá Haraldi). Nú er ekki útilokað að einhverjar slíkar sögur hafi geymst óbrennlaðar í 200–400 ár þar til þær voru skráðar. En þær gátu líka hæglega myndast eins og hverjar aðrar þjóðsögur. Sérstaklega er hætt við að hugmyndir fornrita, bæði norskra og íslenskra, um Harald hárfagra séu mjög ýkjum blandnar. Honum er því alveg sleppt í þessari bók.

Ingólfur og Auður

Bls. 48–49

Umræður eftir lestur kaflans

- Hver var Ingólfur Arnarson? Skoðið saman hvernig stytta af Ingólfi Arnarsyni lítur út en hana er að finna víða á Netinu. Ætli Ingólfur hafi litið svona út?
- Landnámsmenn fengu oft viðurnefni, t.d. Helgi magri, Þórunn hyrna, Leifur heppni, Eiríkur rauði. Hvað finnst ykkur um viðurnefni og uppnefni? Er í lagi að uppnefna fólk?

Verkefni

- Finnið á korti öll löndin sem Auður djúpúðga átti heima í og merkið þau á kort.
- Kortleggið landið okkar þannig að landnámsmenn allra staða sem þið finnið séu skráðir á kortið. Upplýsingar má m.a. finna í *Komdu og skoðaðu landnámið* og í bókunum *Íslenskur söguatlas* og *Íslandssagan í máli og myndum* er hægt að finna kort af Íslandi sem sýna öll landnámin og landnámsmennina.
- Finnið sögur af nokkrum landnámsmönnum. Það má leita í kennslubókunum *Komdu og skoðaðu landnámið* og *Landnám Íslands* og í sérstakri bók sem heitir *Landnámsmennirnir okkar*.

Fróðleikskorn

Ingólfur og Auður

Teikningin á bls. 48 sýnir þræla Hjörleifs Hróðmarssonar á flóttu eftir víg hans.

Ingólfur er að öllum líkindum sannsöguleg persóna, ættaður frá Vestur-Noregi, landnámsmaður í Reykjavík og forfaðir ætta sem frá honum eru raktar. En að öðru leyti verður frásögn Landnámu af þeim fóstbræðrum að teljast þjóðsaga. Saga sem vissulega er fróðlegt að þekkja – hún er beinlínis hluti af þjóðararfinum – en ekki ástæða til að leggja trúnað á.

Ýmislegt í frásögninni er stutt tilvísunum til örnefna sem eiga að vera dregin af persónum eða atvikum sögunnar. Slíkt er hæpið að leggja trúnað á því að ber-sýnilega hefur verið algengt að skýringarsagnir yrðu til út frá örnefnum. Þegar Landnáma segir t.d.: „Ingólfur lét gera skála á Skálafelli,“ þá er sú saga örugglega yngri en nafnið. Fjallanöfn eins og Skálafell, Búrfell og Hlöðufell eru til á ýmsum stöðum, vafalaust af því dregin að lögun fjallanna hefur minnt á skála, búr eða hlöðu, ekki af því að menn hafi séð ástæðu til að reisa slíkar byggingar uppi á fjöllum. Að Ingólfshöfði sé kenndur við Ingólf, Vífilfell við einn af þrælum hans og Vestmannaeyjar við þræla Hjörleifs, það er ekki eins fráleitt, en einnig þar verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að nöfnin séu eldri og sagan löguð að því.

Um **Krosshólaborg** (mynd bls. 49) segir í Landnámu: „Auður ... hafði bænahald sitt á Krosshólum; þar lét hún reisa krossa því að hún var skírð og vel trúuð.“ Þegar hún dó var hún „gráfin í flæðarmáli, sem hún hafði fyrir sagt, því að hún vildi eigi liggja í óvígðri moldu er hún var skírð“. Í Laxdæla sögu er Unnur djúpúðga (eins og hún heitir þar) hins vegar heygð að heiðnum sið.

Hugmyndin um að sjórinn sé ekki eins óvígður og jörðin miðar við að í hann hafi runnið vígt vatn þegar Jesús var skírður í ánni Jórdan. Menn gættu þess þá ekki að Jórdan rennur í Dauðahafið sem alls ekki tengist sjó.

Landnámabók telur upp yfir 400 landnámsmenn (þar af rúmlega 50 konur) sem í upphafi slógu eign sinni á sveitir landsins. Um flest af þessu fólki er lítið sagt og hætt við að sumt af því hafi aldrei verið til í rauninni heldur hafi hugmyndir um það kviknað síðar, oft út frá örnefnum. Helstu landnámsmenn, sem kunnar ættir eru raktar frá, má þó ætla að séu sannsögulegar persónur.

Ingólfur Arnarson og Auður djúpúðga hafa verið talin meðal merkustu landnámsmanna og sögur af þeim því skráðar oft en einu sinni. Ber þá ekki öllu saman: Ingólfur er Arnarson eða Björnólfsson eftir því hvaða gerð Landnámu er fylgt; Auður heitir Auður eða Unnur og er sögð kristin eða heiðin eftir því hvort lesið er um hana í Landnámu eða Laxdælu. Ekki er ástæða til að telja frásagnir af öðrum landnámsmönnum nákvæmari þó þær séu aðeins til í einni gerð.

Sú saga er sögð, bæði um Ingólf (í Landnámu) og Auði (í Laxdæla sögu, ekki Landnámu), að þau hafi valið sér bústað þar sem öndvegissúlur þeirra rak á land. Þetta er flökkusögn eða þjóðsagnaminni, algengt í íslenskum fornritum en ekki trúverðugt og því sleppt í bókinni.

Auður djúpúðga er fulltrúi fyrir þann verulega hluta af innflytjendum til Íslands sem kom ekki frá Noregi eða Norðurlöndum heldur frá víkingabyggðum á Bretlandseyjum. Þeir fluttu ekki með sér skepnur (erfðarannsóknir á íslensku bífé staðfesta uppruna þess á Norðurlöndum) og hafa því ekki komið í upphafi landnámsaldar heldur síðar, þegar fénaði var farið að fjölga í landinu og óþarfi að flytja hann með sér yfir hafið. Auður var sjálf af norskum ættum og maður hennar líka, en fylgdarlið hennar hefur að meira eða minna leyti verið ættað „vestan um haf“, þ.e. frá Írlandi, Skotlandi, Suðureyjum eða Orkneyjum.

Hve mikið kvað að þessum innflytjendastræmi frá Bretlandseyjum? Langmerkasti vitnisburður um það felst í erfðarannsóknum á núlifandi fólki. Samkvæmt þeim má ætla að Íslendingar (að frátöldum innflytjendum síðari áratuga) séu ættaðir að meirihluta frá Norðurlöndum en að u.þ.b. þriðjungur frá Bretlandseyjum (ekki hægt að aðgreina nánar, t.d. hlut Noregs eða Írlands). Í þessu sambandi reiknast fólk eins og Auður norrænt þó það hafi komið vestan um haf.

Það flækir málið að þessar tölur tákna ekki fjölda innflytjenda til Íslands heldur fjölda afkomenda sem innflytjendurnir eignuðust. Ef höfðingjar og stórbændur voru mest af norrænum uppruna, og ef þeir eignuðust að jafnaði fleiri börn en

aðrir, þá hækkar það norræna hlutfallið. Ef vinnufólk og kannski einkum þrælur komu frekar frá Bretlandseyjum, og ef slíkt fólk eignaðist síður afkomendur en bændastéttin, þá dregur það úr vestræna þættinum. Þannig getur vel verið að af innflytjendum til Íslands á 9. og 10. öld hafi meira en þriðjungur komið frá Bretlandseyjum þó að af landnámsmönnum (þ.e. þeim sem í fyrstu umferð eignuðust bújarðir á Íslandi) hafi meira en tveir þriðju verið af norrænum uppruna.

Í þessum rannsóknum kemur fram gríðarmikill munur eftir kynjum. Ættir Íslendinga í karllegg virðast aðeins að einum fimmta komnar frá Bretlandseyjum en í kvenlegg að fullum helmingi. Munurinn felst í því að margar íslenskar ættir séu komnar af norrænum karlmanni sem átti börn með konu frá Bretlandseyjum. Það gat verið norskur víkingur sem hafði átt heima í Orkneyjum eða Suðureyjum og eignast þar innlenda konu. En það gat líka verið íslenskur bóndi eða bóndasonur sem eignaðist barn með vinnukonu eða ambátt af vestrænum uppruna.

Krækjur

Frásögn Landnámu af Ingólfi og Hjörleifi.

<http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm> 3.–9. kafla.

Söfn og sýningar

Bls. 50–53

Markmið kaflans

Þessi kafli á tvenns konar erindi. Í fyrsta lagi að vekja athygli á söfnum og sögustöðum (þar vantar þó hið nýjasta, Víkingaheima í Reykjanesbæ) og hvetja til heimsóknna á slíka staði.

Rétt er að ræða hverju nemendur kunna að hafa kynnst af innlendum söfnum og sögustöðum. Þá má skoða á Netinu fræðsluvefi flestra umgetinna staða:

Hugmyndir að safnaheimsóknum

Reykjavík og nágrenni

- [Reykjavík 871+/-2](#)
- [Þjóðminjasafn Íslands](#)
- [Sögusafnið Perlunni](#)
- [Þjóðmenningarhús](#)

Suðurland

- [Sögusetrið Hvolsvelli](#)
- [Selið Skaftafelli](#)
- [Þjóðveldisbærinn](#)
- [Þingvellir](#)
-

Suðurnes

- Reykjanesbær – [Víkingsheimar](#)

Vesturland

- Borgarnes – [Landnámssetrið](#)
- Borgarnes – [Safnahúsið](#)
- Dalasýsla – [Eiríksstaðir](#)
- Dalasýsla – [Safn um Leif heppna og upplýsingar um áhugaverða staði tengda landnámsmönnum](#)

Vestfirðir

- Galdrasýning á ströndum, Hólmavík, engin krækja
- Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði, engin krækja

Norðurland

- [Safnahús Skagfirðinga](#)
- [Byggðasafnið að Reykjum](#)
- [Minjasafnið á Akureyri](#)

Austurland

- Minjasafn Austurlands, Egilsstöðum, engin krækja

Eigi bekkurinn kost á að heimsækja einhvern af þessum stöðum er æskilegt að nota vefinn til að undirbúa heimsóknina. Sumir þeirra, a.m.k. Þjóðminjasafn, hafa tilbúin verkefni fyrir nemendur. Auk þess er heppilegt verkefni í safnheimsókn að nemendur (hver um sig eða litlir hópar) eigi að velja einn sýningargrip sem heppilegt væri að hafa mynd af í kennslubókinni, segja (eða skrifa) hvað þeim finnst merkilegt við einmitt þann hlut, og helst að benda á í hvaða kafla sú mynd ætti heima.

Séu ekki tók á að heimsækja neitt af umgetnum söfnum eða sýningum má víðast hvar skipuleggja mjög stutta ferð á söguslóðir í nágrenni skólans. Ef ekki er til að dreifa nálægri landnámsjörð, sögustöðum fornsagna eða uppgrafterstöðum fornleifafræðinga má víðast hvar finna örnefni sem annaðhvort fylgja upprunasagnir (og eru oft vafasöm sannindi) eða bera með sér tengsl við söguna. Kringum Reykjavík eru t.d. Geldinganes, Viðey, Engey, Akurey og Kópavogur augljós

landnytjaheiti, Seltjarnarnes tvíræðara (tjörnin kennd við selveiði eða seljabúskap?), auk þess sem Seltjörn er nú ekki tjörn heldur vík en það sýnir hvernig landið hefur sigið frá landnámi. Þannig má lesa sögustaði úr örnefnum nánast hvar sem er.

Seinni hluti kaflans, bls. 52–53, notar heiti landnámssýningarinnar í Aðalstræti sem tilefni til að rekja nýtt dæmi um að ekki sé alltaf full vissa um sögulega þekkingu. Hér er það landnáms-ártalið 874 sem reynist ónákvæmt og er ekki lengur haft fyrir satt. Mikilvægt er að fólk sé undir það búið að ekki reynist allt endanleg sannindi sem því hefur verið kennt í skóla, og þá er hér hentugt dæmi um atriði sem bæði foreldrar og kennarar hafa lært og trúað en reynist nú ekki standast.

Ef bekkurinn á tímaás með landnámsárinu 874 er hér tilefni til að breyta því og nota í staðinn „um 870“ eins og reyndar er gefið upp á bls. 39.

Hér er því sleppt til einföldunar að samkvæmt Landnámu nam Ingólfur Arnarson ekki land í Reykjavík fyrr en þremur árum eftir að hann kom til Íslands 874. Ekki þurfti heldur landnámslagið til að fræðimenn teldu meira mark takandi á tímatali Íslendingabókar sem gerir ráð fyrir landnámi Ingólfs um 870, en hún neglir ekki niður eitt ákveðið ár og þess vegna hentaði betur að miða Þjóðhátíðir við ártal Landnámu. Niðurstaðan af landnámslaginu er að landnám hafi byrjað *í síðasta lagi* um 870, hugsanlega allnokkru fyrr, og hafa sumir talið að fornleifar, tímasettar með geislakolsaðferð, vísi á landnám mörgum áratugum áður; um það má vænta traustari vitneskju með frekari rannsóknunum. Jafnvel þótt landnám kunni að reynast eldra en nú er talið, þá er ljóst af uppruna búfjárkynja að landnámsmenn hafa í fyrstu komið frá Noregi, ekki Bretlands-eyjum; búfjárrækt á Íslandi hófst ekki með þöpum.

Myndirnar á bls. 52 sýna gólf og undirstöður veggja úr bóndabæ (skála) í Reykjavík frá því skömmu eftir landnám. Ekki er talið að þetta sé bær Ingólfs heldur heimkynni næstu eða þar-næstu kynslóðar.

Verkefni

- Margir af þessum stöðum eða söfnum eiga vefsíður sem hægt er að skoða. Hér væri æskilegt að nemendur fengju að skoða heimasíðurnar sem um ræðir.
- Æskilegt væri að nemendur gætu skoðað einhvern sögustað, safn eða sýningu til að kynna sér landnámið og annað um elstu sögu Íslands. Til dæmis farið til Þingvalla eða á Þjóðminjasafnið?

Fróðleikskorn

Söfn og sýningar

Myndin af **Þingvöllum** (bls. 50) sýnir staðhætti eins og þeir voru áður en Hótel Valhöll (neðst til hægri) brann. Almannaþjá aðskilur landreksfleka og er smám saman að víkka. Lægri gjárbarmurinn hefur upphaflega verið jafnhár hinum en sigið smám saman ásamt öllu svæðinu til hægri á myndinni. Þegar Alþingi var stofnað hefur verið hærri brekka og meira þurrlendi frá Almannaþjá niður að Öxará. Umdeilt er hvar helstu þingstörfín fóru fram, þ.e. í lögréttu (líklega á sléttlendinu við Öxará) eða á Lögbergi (e.t.v. á lægri gjárbarminum, á stað sem merktur er með fánastöng).

Að „landnámið hafi byrjað“ **874** samkvæmt Landnámu er einföldun. Hún segir að það ár hafi Ingólfur Arnarson lagt af stað í landnámsför sína. En síðan hafði hann, eftir því sem þar segir, vetursetu við Ingólfshöfða, síðan við Hjörleifshöfða og loks við Ingólfsfjall áður en hann nam land í Reykjavík – sem hefði þá gerst 877. Þá var landnámslagið – eins og gosaskan frá 871 er kölluð – örugglega fallið fyrir nokkrum árum.

Íslendingar í heiðni og kristni

Bls. 54–77

Þetta er lengsti kafli bókarinnar og sá sem eðlilegt er að dveljast lengst við í kennslu. Talsverðu rými er varið til að kynna nokkrar frægar sögupersónur og er því efni m.a. ætlað að vera brú yfir í frekari kynni af efni fornþókmennta. Af Þjóðarsögu og Þjóðfélagslýsingu er einkum dvalið við heiðna trú og kristnitöku, þrælahald og höfðingjastjórn – atriði sem einnig koma við sögu í kaflanum um Rómverja og Þjóða því heim upprifjun og samanburði. Einnig er sagt frá sveitalífi og bjargræði. Af inntaksmarkmiðum aðalnámskrár er hér um að ræða þessi:

Nemandi á að

- hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar
- vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi

Fyrir nemendur, sem ráða illa við mikinn texta, má finna léttari umfjöllun um svipað efni í fyrstu köflum kennslubókarinnar *Lífið fyrr og nú* (einnig hljóðbók).

Auk verkefna með einstökum undirköflum er æskilegt að kaflanum í heild eða fyrri hluta hans fylgi *heimildaverkefni* þar sem nemendur fá tækifæri, hver eftir sinni getu, til að lesa og hlusta á margvíslegt efni um þekkta Íslendinga á söguöld (þ.e. tímanum eftir landnám og fram um kristnitöku).

Fornritunum sjálfum er tæplega hægt að mæla með, a.m.k. ekki í 5. bekk, en best læsu nemendurnir kynnu að ráða við valda kafla sem finnast í lestrarbókum, t.d. *Rauðkápu* og eldri bókum. Endursagnir fyrir börn eru til á heilum sögum, *Laxdæla* eftir Gunnar Karlsson (fyrir Námsgagnastofnun), *Njála, Egla og Laxdæla* (myndskreyttar með ýmsum sögufróðleik) eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, *Njála lifandi komin* eftir Jóhannes Eiríksson. Um hluta af Egils sögu er léttlestrarbókin *Egill* eftir Torfa Hjartarson (einnig á myndbandi). Eldri kennslubækur í sögu Íslands geyma efni um hetjur fornsagna, t.d. *Sjálfstæði Íslendinga 1* (kafli um efni Gunnlaugs sögu, einnig til sem hljóðbók) og *Íslands saga 1* eftir Jónas Jónsson frá Hríflu (gömul en þó til sem hljóðbók). Um Gísla sögu er kvikmyndin *Útlaginn*. Þá er tilvalið, ef námsefnið *Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna* er ekki kennt sérstaklega, að nota það í þessu sambandi.

Hafi nemendur náð að lesa eða heyra meira og minna af þessu efni eða öðru álíka geta þeir unnið úr því með ýmsu móti, t.d. teiknað minnisstæð atriði og persónur eða búið til ímyndaðar persónur. Hægt er að fara yfir bls. 54–63 og biðja nemendur að rifja upp hvort þeir hafa lesið meira um þær persónur sem þar koma við sögu. Þá getur kennari stýrt umræðu þar sem nemendur rifja upp og bera saman hverju þeir kynntust um atriði eins og: vopn og bardaga, vinnu, mat, föt, hús, hesta, skip, börn og uppeldi, konur, heiðna trú, galdra o.s.frv.

Egill Skallagrímsson

Bls. 54–55

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvernig var Egill sem barn og síðan fullorðinn maður? Hvaða sögur þekkja nemendur af honum?
- Hvaða kosti hafði hann og hvaða galla?
- Hvernig væri staða Egils ef hann væri uppi í nútímasamfélagi?

Verkefni

- Nemendur spinna leikþætti úr sögum af Agli Skallagrímssyni.

Fróðleikskorn

Egill Skallagrímsson

Teikningin af Agli (bls. 54) er úr pappírshandriti frá 17. öld. **Lágmyndin** er eftir danska listakonu, Anne-Marie Nielsen (takið eftir storminum, frá hægri).

„**Mr. Skallagrímsson**“ (mynd bls. 55) er einleikur, byggður á Egils sögu, sem Benedikt Erlingsson samdi og flutti í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Krækjur

Landnámssetur www.landnam.is

Goðsagnir og Íslendingasögur er myndband, fáanlegt hjá Námsgagnastofnun, þar sem er að finna yfirlit yfir Íslendingasögurnar í máli og myndum. Leiknir eru smábútar úr sögunum.

<http://nams.is/allt-namsefni/vorunr/3607>

Þorgerður, Melkorka og Ólafur pá

Bls. 56–57

Umræður eftir lestur kaflans

- Var Melkorka mállaus? Þekkið þið einhvern sem er mállaus? Hvað með börn sem koma til landsins með annað tungumál?
- Hvernig ætli sé fyrir krakka að flytja í nýtt land og þurfa að fara í skóla og læra nýtt tungumál.
- Hvernig ætli Melkorku hafi liðið? Hvernig hafði líf hennar verið?
- Hvers vegna skipti máli að giftast einhverjum sem var vel ættaður?
- Hvers vegna ætli Egill hafi leyft dóttur sinni að hafa eitthvað um það að segja hverjum hún giftist?

Verkefni

- Takið eina kennslustund, frímínútur eða afmarkaðan tíma heima fyrir og prófið að vera mállaus. Skrifid stutta lýsingu á því hvernig gekk. Lentuð þið í einhverjum vandræðum? Hvernig leystist úr þeim? Voru einhverjir kostir?

Fróðleikskorn

Þorgerður, Melkorka og Ólafur pá

„Höskuldur keypti Melkorku, dóttur Mýrkjartans Írakonungs; þeirra son var Ólafur pá,“ segir í Landnámu. Að öðru leyti er saga Melkorku sögð í Laxdæla sögu (nákvæm endursögn í lestrarbókinni *Raudkápu*). Að hún sé konungsdóttir táknað að hún sé dóttir eins af allmörgum írskum smákonungum. Ljóst er að hún var til sölu sem kynlífsþræll, í háu verði vegna æsku og útlits. Slík viðskipti hafa verið fylgifiskur þrælahalds, á Íslandi eins og annars staðar (sbr. kvíðafullt fas stúlknanna á málverkinu bls. 15), og þykja ekki tiltökumál í Laxdælu.

Af þrælum eru fjölmargar frásagnir í fornritum, bæði Landnámu og Íslendingasögum, en hætt við að fáar þeirra séu annað en þjóðsögur eða tilbúningur (t.d. er lítil ástæða til að leggja trúnað á sögur af þrælum þeirra Ingólfs og Hjörleifs). Melkorka, sem er eini nafngreindi fulltrúi íslenskra þræla í þessari bók, er að því leyti trúverðug persóna að þekkt ætt hefur talið hana formóður sína. Á bls. 61 er bent á að ætterni hennar sé e.t.v. ekki sannsögulegt. Jafnvel er hugsanlegt að nafn hennar sé tilbúningur, lesið út úr örnefni (Melkorkustöðum) eins og algengt virðist vera í fornritum; sjá nánari skýringu Gunnars Karlssonar í kennarahandbók með endursögn hans á Laxdæla sögu (http://www.nams.is/pdf/laxdaela_saga_net_.pdf) bls. 9.

Kjartan og Guðrún

Bls. 58–59

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvers vegna var svona mikið atriði að hefna þeirra sem voru drepnir eða urðu fyrir miska?
- Hvaða kosti og galla hafði það fyrirkomulag í för með sér?
- Hvernig er það í dag með hefndina? Er venjan að hefna sín ef eitthvað er gert á hlut manns?

Verkefni

- Hefðu Kjartan og Guðrún átt að breyta öðruvísi á einhverjum tímapunkti. Halda má málfund í bekknum um það.

Krækjur

Laxdæla <http://www.snerpa.is/net/isl/laxdal.htm>

Egils saga <http://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm>

Brennu–Njáls saga <http://www.snerpa.is/net/isl/njala.htm>

Íslendingasögur

Bls. 59–61

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað í sögunum sem þið þekkið er líklegt til að vera satt og hvað ekki?
- Hvenær haldið þið að Íslendingasögurnar hafi gerst?
- Hvenær haldið þið að þær hafi verið skrifaðar?

Verkefni

Hópverkefni

- Hver hópur kynnrir sér eina Íslendingasögu og endursegir söguna fyrir hina í bekknum án þess að notast við skrifaðan texta. (Markmiðið að þjálfra frásagnarhæfileika.)

Ólafur Tryggvason og Ólafur helgi

Bls. 62–63

Umræður eftir lestur kaflans

- Ætli það sé einfalt mál að skipta um trúarbrögð hjá heilli þjóð?
- Hvernig væri það gert í dag ef við ætluðum að skipta um trú hjá heilli þjóð? Hvaða aðferð myndu nemendur nota til þess?
- Hvers vegna ætli konungurinn í Noregi hafi viljað stjórna því á hvað fólk trúði?

Verkefni

- Hérna er sagt frá því hvernig Noregur varð kristinn. Rifjið upp allt sem segir frammar í bókinni um það hvernig ýmis önnur lönd urðu kristin. Ætli mörg lönd hafi orðið kristin á undan Noregi? Og voru einhver önnur lönd þar sem kóngurinn eða keisarinn ákvað að fólkið ætti að skipta um trú? Hér mætti skipta bekknum í hópa og setja nemendur í hlutverk trúboða. Nemendur semja svo ræður til að sannfæra hina um að taka upp þá trú sem hver og einn stendur fyrir.

Kristnitakan á Íslandi

Bls. 63–65

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað veistu um kristnitökuna á Íslandi?
- Hvaðan var kristnin upprunnin?
- Af hverju ákvað Þorgeir að allir skyldu taka kristni, hann var sjálfur heiðinn?
- Hvaða kosti skyldi kristnin hafa sem höfðu í för með sér að fólki líkaði fljótt við hana?

Verkefni

- Í þessari bók er kristnitakan aðallega tengd við Ólaf Tryggvason. Auk þess er Gissur hvíti nefndur á nafn. Í frásögnum af kristnitökunni er oftast fjallað um fleiri persónur, t.d. Friðrik biskup, Þangbrand, Síðu-Hall, Hjalta Skeggjason, Snorra goða, Þorgeir Ljósvetningagoða. Fyrir hvað voru þeir þekktir? Leitið upplýsinga á Neti eða í bókum um mennina sem nefndir eru hér að ofan. Hvernig tengdust þeir kristnitökunni? Skiptið á milli nemenda og þeir segja svo hver öðrum frá því sem þeir fundu.
- Frásögnin um kristnitökuna býður upp á skemmtilegar útfærslur í leikrænni tjáningu. T.d. má hugsa sér að setja saman stuttan leikþátt þar sem kristnitakan er færð til nútímans eða jafnvel má snúa dæminu við, þ.e. láta forseta í nútímanum fyrirskipa að tekin verði upp ásatru.

Fróðleikskorn

Kristnitakan á Íslandi

Efri myndin á bls. 64 sýnir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjagoða helga **blót** ásatrúarmanna. Embættistákn hans er stallahringurinn, en í fornritum segir að slíkur hringur hafi tilheyrt hofi hvers heiðins goða á Íslandi; átti goðinn að rjóða hann blóði nauks sem fórnað var við opinber blót og bera hann (sem armhring) á þingum.

Neðri myndin á bls. 64 sýnir svonefndan **keltneskan kross**, þ.e. krossmark þar sem hringur tengir saman álmur krossins. Á Írlandi og víðar um Bretlandseyjar voru reistir stórir steinkrossar með þessu formi. Þaðan gæti Auður djúpúðga hafa þekkt fyrirmyndina ef hún reisti krossa á helgistað sínum. Á landnámsöld hafa margir Íslendingar þekkt til keltneskrar kristni en óljóst er hvort hún hafði varanleg áhrif.

Af skýringum fornrita á kristnitökunni er í kaflanum notuð sagan af gíslatöku Ólafs Tryggvasonar (ásamt hættunni á siglingabanni) af því að hún er einföld og skiljanleg. Miklu frægari sögu, þ.e. lýsingu Ara fróða með Þorgeir Ljósvefningagoða í aðalhlutverki, er hins vegar sleppt vegna þess hve margbrotin hún er og erfitt að sleppa úr henni án þess að valda misskilningi. Samkvæmt Ara var atburðarásin þessi:

- (1) Heiðnir og kristnir búast til bardaga á Alþingi. Honum verður þó afstýrt (ekki lýst hvernig).
- (2) Daginn eftir fá leiðtogar hinna kristnu að flytja mál sitt í friði á Lögbergi.
- (3) Heiðnir og kristnir „segja sig úr lögum“ hvorir við aðra (þ.e. ákveða að mynda aðskilin samfélög sem hvort hafi sína trú og sitt skipulag). Í samræmi við það velja kristnir menn sinn eigin lögsögumann.
- (4) Lögsögumennirnir tveir semja um það að hinn heiðni, Þorgeir Ljósvefningagoði, skuli einnig segja upp lög fyrir kristna samfélagið. Væntanlega er þá búið að semja um eða ákveða nokkurn veginn aðalatriði þeirra laga.
- (5) Þorgeir „leggst undir feld“ og liggur til næsta dags án þess að tala. Kannski til að hugsa ráð sitt, kannski að bíða eftir vitrun eða leiðsögn frá þeim goðmögnum sem hann trúði á.
- (6) Þorgeir heldur ræðu að Lögbergi, óttast að aðskilin samfélög leiði til ófriðar, vill að menn breyti fyrri ákvörðun og fallist á málamiðlun um „ein lög og einn sið“ (siður = trúarbrögð).
- (7) Báðar fylkingar fallast á tillögu Þorgeirs og samþykkja fyrir fram þau málamiðlunarlög sem hann hyggst segja upp. (Samþykkið virðist gefið án þess menn viti hvaða málamiðlun Þorgeir hefur í huga. Hugsanlega treysta heiðnir menn á að honum hafi vitrast góð lausn undir feldinum.)
- (8) Þorgeir ákveður að allir séu skyldir að vera kristnir og taka skírni. Á móti kemur málamiðlun um að „blóta á laun“, ekki að það sé beinlínis leyft en er aðeins refsivert ef það er sannað með vitnum.

- (9) Önnur málamiðlun er sú að leyfa áfram að nota hrossakjöt og bera út börn (sem tákna væntanlega að öðrum lögum sé breytt eftir því sem hinir kristnu höfðu krafist, t.d. um skyldleika hjóna).

Ari dáist að boðskap Þorgeirs um málamiðlun og friðsamlega lausn. Frá nútímans sjónarmiði er lausnin vissulega friðsamleg, hins vegar varla réttnefnd málamiðlun því að hinir heiðnu, sem þó eru í meirihluta, þurfa að slaka miklu meira til og afsala sér trúfrelsi. Eiginlega snýst sagan um það hvernig heiðni flokkurinn var plataður – góðu heilli að skilningi hins kristna sagnaritara – til að sitja uppi með niðurstöðu sem hann hefði aldrei gengið að í samningum.

Heiðni og kristni

Bls. 65–67

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvaða munur er á heiðni og kristni?
- Er eitthvað sameiginlegt með þessum trúarbrögðum?
- Hvaða trúarbrögð þekkja nemendur fleiri en þessi?
- Hvað var það sem heiðnir menn máttu gera eftir að kristni var tekin upp á Íslandi?

Verkefni

- Ef breyta ætti um trú á Íslandi í dag, hvernig undanþágur ætti að gera? Þ.e. hverju myndum við vilja halda af kristnum siðum og venjum?

Rúnir og handrit

Bls. 67–69

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvað eru rúnir?
- Hvernig letur þekkja nemendur? eru allir í heiminum með eins letur í dag? Skoða arabískt letur, kínverskt og t.d. rússneskt.

Verkefni

- Nemendur teikna upp eða búa til rúnasteina. Nota má steina úr náttúrunni og skrifa á þá eða búa þá til úr leir og rista rúnirnar í þá. Búið til poka fyrir rúnirnar úr leðri eða öðru efni. (Ath. samstarf við verkmenntakennara.)

Sveitafólk

Bls. 69–71

Umræður eftir lestur kaflans

- Hvaða munur er á því að vera Íslendingur fyrir á tímum eða nú? Kostir og gallar.
- Hefðu þið vilja búa í samfélagi eins og lýst er í bókinni? Af hverju / af hverju ekki?

Verkefni

Í þessum kafla er verið að lýsa því hvað lífið fyrir á öldum var ólíkt lífinu núna. Allt sem er nefnt í kaflanum hefur á einhvern hátt breyst. Sumt hefur breyst algerlega: nú getur til dæmis enginn strákur orðið víkingur. Sumt hefur bara breyst að nokkru leyti: við notum til dæmis enn þá kúamjólk þó að flestir kaupi hana í búð frekar en að mjólka sínar eigin kýr.

- Finnið nú eitthvað fleira í kaflanum sem hefur breyst alveg og líka eitthvað sem hefur bara breyst að nokkru leyti. Hver finnst ykkur vera allra stærsta breytingin?

Fróðleikskorn

Sveitafólk

Íslenskt ullarefni, sem flutt var út til Noregs, hét **vaðmál** og var ekki aðeins helsta útflutningsvara Íslands í margar aldir heldur líka **gjaldmiðill** (fólk borgaði skuldir sínar í vaðmáli) og **verðeining** (verðmæti voru reiknuð í **álnum** vaðmáls, hærri upphæðir í **hundruðum** sem þýddi 120 álnir (120 = „stórt hundrað“). Þegar Íslendingar ferðuðust til útlanda tóku þeir með sér marga stranga af vaðmáli sem **gjaldeyri**.

Þrælar

Bls. 71–72

Umræður eftir lestur kaflans

- Rifjið upp umfjöllunina um þræla í Rómaveldi fyrir í bókinni.
- Hvað er líkt og hvað ólíkt ef við berum saman þrælahald í Róm og á Íslandi?

Verkefni

- Hvaða ástæður gætu verið fyrir því að Íslendingar hættu að halda þræla? Setjið allar hugmyndirnar á veggspjald og kjósið svo um líklegustu hugmyndina.

Fróðleikskorn

Þrælar

Brynhildur Guðjónsdóttir (mynd bls. 71) samdi og flutti einleikinn *Brák* í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Ambáttin Þorgerður brák er persóna í Egils sögu og sagt að við hana sé kennt Brákarsund við Borgarnes. Samkvæmt náttúrunafnakenningu Þórhalls Vilmundarsonar er líklegra að sunni dragi nafn af verkfærinu brák sem var hringur úr horni, notaður til að elta skinn. Sterkir sjávarfallastraumar í sundinu hafi minnt á skinnið sem dregið var af krafti fram og aftur um brákina. Síðan hafi nafnið Brákarsund orðið kveikja að sögunni um ambáttina. Á líkan hátt virðast margar persónur fornsagna, m.a. landnámsmenn, sækja nöfn sín í örnefni.

Eigandi þræls gat „selt hann eða gefið“, segir í kaflanum, og í rauninni gat hann dregið hann líka án þess að baka sér refsingu. En það hefur varla verið algengt. Í íslenskum þjóðveldislögum, sem geyma alls konar ákvæði um þræla og þrælahald, er m.a. rætt um framfærslukostnað óvinnufærra þræla. Af því er ljóst að gagnslausir þrælar voru ekki dregnir á sama hátt og aflóga húsdýr; með þá var farið eins og fólk, ekki dýr.

Ýmsar hugmyndir eru til um hvernig og hvers vegna þrælahald hafi lagst niður á Íslandi en engin einföld skýring virðist trúverðug. Þetta sama, að þrælahald leggist niður í raun án þess að það sé bannað eða formlega afnumið, gerðist í stórum hluta Evrópu á svipuðum tíma, aðallega á 11.–13. öld; góð skýring þyrfti því að eiga við víðar en á Íslandi.

Goðar og þing

Bls. 73–75

Umræður eftir lestur kaflans

- Berið saman Alþingi eins og það var og eins og það er núna. Skoðið til dæmis uppröðun á þingmönnum.

Verkefni

- Skoða stærstu fossa landsins og nöfn þeirra.

Fróðleikskorn

Goðar og þing

Í Landnámu og Íslendingasögum er iðulega greint frá því hvernig staðir séu kenndir við sögupersónur eða dragi nafn af atburðum sem þar gerðust. Nú er talið að mörg þessi staðanöfn séu upprunalega dregin af staðháttum (náttúrunöfn) eða landnytjum og sögurnar orðnar til seinna.

Goðafoss (mynd bls. 75) er hins vegar ekki nefndur á nafn í neinum fornritum. Sú saga, að eftir kristnitöku hafi Þorgeir Ljósvetningagoði kastað í fossinn skurðgoðunum úr hofi sínu, er ekki skráð fyrr en á 19. öld og engin leið að vita hvort hún var þá gömul eða nýlega mynduð.

Hvernig á nafni fossins stendur er ómögulegt að fullyrða. Sex fossar á landinu heita þessu sama nafni samkvæmt samantekt Svavars Sigmundssonar á vef Árnastofnunar (síðunni [Örnefni mánaðarins 2007](#)). Tveimur þeirra, í Skjálfandafljóti og í Þverá í Eyjafirði, fylgir sú seinni tíma sögn að skurðgoðum hafi verið kastað í þá eftir kristnitöku. Í Þverá eiga skurðgoðin að hafa breyst í klettastrýtur sem enn má sjá í gilinu, við Skjálfandafljót er bent á einkennilega kletta rétt neðan við fossinn „sem eru taldir vera goð þau sem gefið hafi fossinum nafnið“, og kletta-myndanir tengjast fleiri Goða-örnefnum. „Líklegt er því“, segir Svavar „að goðin í Goðafossunum séu upphaflega klettar og strýtur en ekki goðalíkneski“. Jafnvel má hugsa sér að drangarnir miklu í miðjum fossinum hafi verið kenndir við goð.

Skammt neðan við Goðafoss er eyja í Skjálfandafljóti sem nefnist Þingey því að þar var þingstaður héraðsins; við hana er kennd Þingeyjarsýsla.

Stjórnskipulagið sem lýst er í kaflanum er venjulega kallað **þjóðveldi** (til aðgreiningar frá konungsveldinu sem leysti það af hólmi) og við það kennd **þjóðveldisöld** sem tók við af landnámsöld og spannar tímabilið frá 930 (stofnár Alþingis, reyndar ekki öruggt) til 1262. Stundum er þó talað um **goðaveldi** (og þá goðaveldisöld) og má telja það rökréttara.

Segja má að íslenska þjóðveldið hafi verið **lýðveldi**, líkt og rómverska borgríkið, meðan þar réð ekki ríkjum konungur, keisari eða sambærilegur þjóðhöfðingi. En rétt eins og í Róm þurfti **lýðveldi** ekki að vera mjög **lýðræðislegt**. Helsti lýðræðisþáttur í skipulagi þjóðveldisins fólst í rétti bænda til að skipta um goða. Þar með áttu vinsælir goðar hægst með að hafa áhrif, líkt og vinsælir stjórnámálmenn fá mest áhrif í kosningum.

Skipan héraðsþinga og goðorða landið um kring er ekki þekkt með fullri vissu og hefur verið nokkrum breytingum háð. Fyrir hvern skóla má þó finna héraðsþing sem byggðarlagið hefur einhvern tíma átt sókn til. Þannig hefur t.d. höfuðborgarsvæðið og Suðurnes átt sókn til Kjalarnesþings á Þingnesi við Elliðavatn.

Um ábyrgð goðanna á heiðnu helgihaldi er í rauninni lítið vitað, nema heitið goði bendir til einhverra tengsla, og blótveislur voru helsta opinbera helgihaldið. Það er ekki heldur fullvíst hvort búðir á þingum voru með föstu þaki eða tjaldþaki. Þær voru samkvæmt heimildum „tjaldaðar“ en það getur átt við veggþjöld.

Þótt konur gætu ekki verið goðar (né setið í dómi eða gegnt öðrum opinberum hlutverkum) var mögulegt að kona **ætti** goðorð og léti karlmann koma fram sem goða fyrir sína hönd.

Hvar voru þau á ferð?

Bls. 76–77

Markmið kaflans

- Tilgangurinn með þessu lokaverkefni er að gefa tilefni til þemavinnu og árétta fyrri æfingar um notkun korta og tímatafs. Um leið gefst tilefni til að rifja upp atriði úr fyrri köflum bókarinnar.

Verkefnið

Verkum má skipta þannig að nokkrir nemendur fái st við hvert hinna sex verkefna. (Sem einfaldara verkefni er hægt að bæta við ferðum heilags Patreks samkvæmt kaflanum um hann.) Nemendur fá útprentað kort án nafna (kort á bls 68 í vinnublöðum) og teikna inn á það ferðir viðkomandi persónu eins og myndin á bls. 76 gefur vísbendingu um. Nota þarf landabréfabók með nafnaskrá til að finna hvar skáletruðu staðirnir eru. Nemendur kynna fyrir bekknum hvaða leið þeirra persóna fór.

1. Auður djúpúðga fæddist í Noregi þar sem faðir hennar var höfðingi. Hann gerðist víkingur, sigldi vestur um haf og settist að í Suðureyjum. Auður giftist öðrum víkingi sem var konungur yfir hluta af Írlandi. Hann féll í stríði. Eftir það var Auður með syni sínum

sem var víkingakóngur í Skotlandi. Hann féll líka. Þá fór Auður til Íslands og gerðist landnámskona í Dölum við Hvammsfjörð.

2. Ansgar fæddist í ríki Karls mikla þar sem nú er Frakkland. Hann varð munkur og kristniboði í Norður-Þýskalandi. Hann fór líka kristniboðsferðir til Danmerkur (Jótlands) og Svíþjóðar (Birka nálægt Stokkhólmi). Hann varð biskup í Hamborg og seinast erkibiskup í Brimum (Bremen).
3. Páll postuli var gyðingur frá Tarsus á suðurströnd Litlu-Asíu. Hann kynntist kristnum mönnum í Jerúsalem eftir dauða Jesú. Síðan ferðaðist hann um Rómaveldi til að boða kristna trú. Hann fór tvær ferðir um Litlu-Asíu og Grikkland. Síðast var hann fluttur sem fangi til Rómar (með viðkomu á Krít og Möltu) og líflátinn þar.
4. Haraldur harðráði var bróðir Ólafs helga Noregskonungs. Þegar bróðir hans var dáinn og óvinir þeirra komnir til valda flýði hann til Svíþjóðar. Svo fór hann til Kænugarðs (sem nú er Kíev í Úkraínu) og varð hermaður hjá konunginum í Garðaríki. Þaðan fór hann til Miklagarðs (nú Istanbul) og varð herforingi hjá keisaranum þar. Hann fór meðal annars til Sikileyjar að berjast við múslima. Þá fór hann aftur til Garðaríkis og giftist dóttur konungsins. Síðan varð hann konungur í Noregi. Hann gerði innrás í England en beið ósigur og féll.
5. Júlíus Sesar átti heima í Rómaborg. Hann stýrði rómverskum her sem sigraði alla Gallíu. Þaðan sigldi hann einu sinni til Bretlands. Svo sneri hann heim og varð æðsti maður í Róm. Hann notaði herskip til að elta rómverska óvini sína til Grikklands og alla leið til Egyptalands. Hann var myrtur heima í Róm.
6. Karl mikli var konungur Franka sem áttu heima í Frakklandi og vesturhluta Þýskalands. Hann fór margar herferðir. Einu sinni barðist hann við múslima sem réðu yfir Spáni. Einnig barðist hann við Langbarða á Norður-Ítalíu og lagði ríki þeirra undir sig. Í einni herferðinni vann hann landið sem nú heitir Ungverjaland. Hann lagði líka undir sig lönd Saxa í Norður-Þýskalandi. Karl fór til Rómar þar sem sjálfur páfinn krýndi hann sem keisara. Hann dó í Aachen í Þýskalandi.

Og hvenær?

Til að raða fólkinu í tímaröð er gott að leita upplýsinga í kennslubókinni sjálfri. Þá finnast ártöl tengd Sesari (d. 44 f.Kr.) og Karli mikla (um 800). Auður djúpúðga finnst nefnd sem landnámskona á Íslandi og þarf þá að miða við tímasetningu landnáms (hófst um 870).

Hinir þrír eru ekki nefndir framur í bókinni. Þá þarf að leita upplýsinga um menn sem nefndir eru í sambandi við þá: Karl mikla (sem var fullorðinn þegar Ansgar fæddist), Jesú (sem var dáinn þegar Páll gerðist kristniboði) og Ólaf helga (sem var eldri bróðir Haralds harðráða).

Þannig má átta sig á að Páll komi á eftir Sesari (Sesar var eldri en Ágústus, Ágústus eldri en Jesús, Jesús eldri en Páll) en á undan Karli mikla (sem var til löngu eftir að Rómaveldi varð kristið);

Ansgar á milli Karls og Auðar; en Haraldur síðastur (yngri en Ólafur helgi sem kom á eftir Ólafi Tryggvasyni sem var konungur þegar Ísland varð kristið, en það gerðist eftir tíma landnámsmanna).

Svo er hægt að finna ártöl í öðrum heimildum. Öllum þessum persónum má t.d. fletta upp í alfræðiritum, s.s. *Íslensku alfræðiorðabókinni* eða *Wikipedíu*. Einnig mætti prófa að finna þær í *Söguatlas* Námsgagnastofnunar sem sýnir líka á kortum ferðir sumra þeirra.

Ef bekkurinn á langa tímalínu úr ártalakaflanum er hægt að tengja þetta verkefni við hana, t.d. með því að festa á hana kortin sem ferðirnar eru teiknaðar á.